

LÖGMANNABLAÐIÐ

11. árgangur | desember | 4/2005

**Annað hvort er lögmaður
að hjálpa mönnum
eða hann er ekki
í þessu djöppi!**

Viðtal við Örn Clausen



Lögmannafélag
Íslands



Fagtengt efni

Ingimar Ingason:

ÆTLUM VIÐ AÐ VERA MEÐ EÐA EKKI?

6

Þorsteinn Einarsson:

Hugleiðingar um dóm Hæstaréttar
í málinu nr. 148/2005

30

Pórður Bogason:

Endurskoðun stjórnarskrárinnar

32

Ingibjörg Bjarnadóttir:

Sáttamiðlun í hnotskurn

38

Viðtöl

Örn Clausen:

Held áfram meðan heilsan leyfir

10

Haraldur Örn Ólafsson:

Skiptir sköpum að ganga nógu hægt!

16

Á léttum nótum

Ritarakynning á vegum LMFÍ

14

Smári Hilmarsson:

Saga knattspyrnumóta LMFÍ

18

Mörður afhjúpaður!

22

Af Merði lögmanni

28

Fastir pistlar

Guðrún Björg Birgisdóttir:

Frá ritstjórn

4

Helgi Jóhannesson:

Pistill formanns

26

Eyrún Ingadóttir:

Fréttir frá félagsdeild

36

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-70567

Netfang: (E-mail): lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR:

Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

RITNEFND:

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttur hdl.,

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.,

Sigurður Arnalds hrl.,

Svanhvít Axelsdóttir hdl.,

Sölvi Sölvason hdl.,

Tómas Eiríksson hdl.,

Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Helgi Jóhannesson hrl., formaður

Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.,

varaformaður

Stefán Geir Þórisson hdl., gjaldkeri

Helga Jónsdóttir hdl., ritari

Jóhannes Albert Sævarsson hrl.,

meðstjórnandi.

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri

Eyrún Ingadóttir félagsdeild

Hjördís J. Hjaltadóttir ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn

kr. 2.000 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 700 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.,

sími 533 4440

ISSN 1670-2689

nashuatec

Kauptu tímalausa hugmynd



Nýjasta tækni frá Nashuatec sannar að góð hugmynd er tímalaus hafi menn kunnáttu og dug til að nýta hana.

Nashuatec-samstæðan er fjölnota tæki sem kristallaðist úr hugmynd sem manns-heilinn setti saman af sinni einstöku snilld - samstæðu einstakra verkfæra.

Að ljósrita, prenta, faxa eða skanna eru aðeins nokkrir sjálfsgðir eiginleikar Nashuatec-samstæðunnar.

Ljósrita eða prenta A3 eða minna, beggja vegna í lit eða hvorttveggja.

Skanna, faxa, hefta - eða senda beint með tölvupósti í fullum lit. Hér er ekki aðeins um að ræða samskipti á pappír, heldur einnig rafræn samskipti yfir innri vefi fyrirtækja eða veraldarvefinn. Þetta er Nashuatec-samskiptatæknin eins og hún gerist best. Hún er sköpuð fyrir hagræði og betri samskipti á nútíma skrifstofu.

Hafðu samband við ráðgjafa Nashuatec á Íslandi.

Komdu og kynntu þér nýja tíma og miðlæga vinnslu gagna úr einu tæki.

Komdu og kynntu þér hagstæða þjónustusamninga með allt að 5 ára ábyrgð.

Nashuatec stendur fyrir áreiðanleika, hagstæðan rekstur og frábæra þjónustu sem er grundvallar atriði í nútíma skrifstofuhaldi.

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa.

OPTIMA
SÉRFRÆÐINGAR Í PRENTUN

Ármúla 8, S:588 9000



Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

LÖGMANNABLAÐIÐ FAGNAR 10 ára afmæli sínu um þessar mundir og af því tilefni kemur blaðið í stærra broti en áður og er ætlunin að hafa það svo framvegis. Á þessum áratug hefur blaðið vaxið og þroskast, ef svo má segja, en ritnefndir hvers tíma hafa verið óhræddar við að feta nýja stigu í efnisöflun og útliti. Svo hefur einnig verið undanfarin tvö ár og hafa m.a. birst hringborðsumræður, greinar sem hafa krafist mikillar efnisöflunar o.s.frv.

Eftir að hafa ritstýrt blaðinu í tvö ár er kominn tími til þess að hleypa að nýjum ritstjóra og er þetta tölublað það síðasta sem kemur út undir minni stjórn. Það hlýtur að vera metnaðarmál LMFÍ og félagsmanna þess, sem nú eru tæplega 700, að á vegum þess komi út vandað blað til að miðla upplýsingum sem gagnast geta lögmönnum og fjallar um starfsvettvang þeirra. Félagsmönnum LMFÍ hefur fjölgað um 30 til 40 á hverju ári undanfarin ár og með þeim aukna fjölda ætti að vera hægðarleikur fyrir félagið að gefa út metnaðarfullt blað sem stendur undir nafni. Til þess að svo verði þurfa hinir almennu félagsmenn auðvitað að koma ritstjórn til aðstoðar en blað þetta er unnið í sjálfboðastarfi af ritnefnd með dyggri aðstoð Ingimars og Eyrúnar á skrifstofu félagsins. Er þeim, ritnefndarmönnum og greinarhöfundum þakkað kærlega fyrir gott samstarf.

Í þessari afmælisútgáfu var leitað til fyrrverandi ritstjóra blaðsins og má sjá afrakstur þess í blaðinu. Er þeim færðar bestu þakkir fyrir. Mörður lögmaður hefur verið órjúfanlegur þáttur frá árdaga Lögmannablaðsins, og sennilega mest lesna greinin, en gerð er úttekt á skrifum hans frá upphafi og dregin upp mynd af manninum. Í fyrsta skipti er birt viðtal við félagsmann, Örn Clausen hrl. sem hefur lengstan starfsaldur lögmanna, og vonast ritstjórn til að það veki lukku.

Nú um áramótin útskrifast í fyrsta skipti lögfræðingar frá öðrum háskóla en Háskóla Íslands en þá mun Háskólinn á Bifröst útskrifa cand. jur. og í kjölfarið munu svo Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri útskrifa lögfræðinga. Þegar ekki er lengur um að ræða að allir lögmenn hafi nákvæmlega sama uppeldis- og menntun-

arbakgrunn þá er enn mikilvægara að þeir eigi sér sam-eiginlegan vettvang og þar getur Lögmannablaðið skipt miklu máli.

Viðfangsefni lögmanna eru oft á tíðum ólík en í grunninn felst starfið í því sem Örn Clausen hrl. lýsir í fyrrnefndu viðtali: „*Annað hvort er lögmaður að hjálpa mönnum eða hann er ekki í þessu djobbi. Hann má ekki fara eftir því hvað honum finnst frekar en dómari. Lögmaður verður að hjálpa skjólstæðingnum á allan hátt, hann er eiðsvarinn til þess. Lögmaður má ekki fara eftir því hvað honum finnst heldur verður hann að vera algjörlega objectivur og gera allt sem hann getur fyrir skjólstæðinginn án þess að ljúga að dómstólum, aldrei vísitandi að ljúga.*“

Að þessu leyti segir Örn að starf lögmanna hafi ekki neitt breyst þau 47 ár sem hann hefur starfað. Vissulega er þetta hárrétt og því miður að oft á tíðum virðist almenn-ingur ekki gera sér grein fyrir þessu grunneðli lögmannsstarfsins. Því er stundum slegið fram að lögmenn séu málsvarar hins illa og það sem skiptir okkur lögmenn ekki síður máli þegar rýrð er kastað á störf dómara og jafnvel gengið svo langt að persónugera dómara þegar rætt er um einstaka dóma, einkum í refsimálum. Með slíku er grafið undan tilvist réttarríkisins og við því verður að bregðast með betri kynningu á störfum okkar og því hvernig leikreglur réttarkerfisins eru. Að sjálfsögðu er gagnrýni af hinu góða enda sé hún byggð á þekkingu en ekki byggð á æsifréttum og fordómum. Sú skoðun virðist stundum ríkja að við sem höfum streðað við laganám kunnum minna í lögum heldur en aðrir.

Öllum er hollt að huga að þeirri lífsspeki sem kemur fram í Hávamálum og enda ég því pistill minn með eftirfarandi vísu: „Meðalsnotr skyli manna hverr, æva til snotr sé.“

Gleðileg jól



KONICA MINOLTA

Afkastamikil og áreiðanleg



Prentlausn fyrir kröfuharða

Konica Minolta 7145 ljósritunarávél
hefur reynst fjölmörgum viðskiptavina
okkar afar vel. Hún er afkastamikil,
áreiðanleg og einföld í notkun.
Svo getur hún prentað, skannað og sent
tölvupóst.

Hentar vel fyrirtækjum og stofnunum
sem reiða sig á virkt flæði upplýsinga.

Þjónustu- og leigusamningar í boði.

UMFANG
TÆKNIBÚNAÐUR



Ingimar Ingason
framkvæmdastjóri LMFÍ:

ÆTLUM VIÐ AÐ VERA MEÐ EÐA EKKI?

Breytingar á námi og starfsumhverfi

Á undanförunum árum hafa orðið umtalsverðar breytingar á lögfræðinámi hér á landi og ekki síður á starfsumhverfi lögfræðinga og lögmannna. Þannig hafa þrjár lagadeildir verið stofnaðar við íslenska háskóla á innan við fimm árum, til viðbótar við lagadeild Háskóla Íslands, sem starfrækt hefur verið í rétt tæpa öld. Jafnframt hefur fjöldi þeirra sem leggur stund á laganám vaxið í samræmi við aukið framboð á lögfræðimenntun. En háskólum sem bjóða upp á nám í lögfræði hefur ekki einungis fjölgað heldur hafa verulegar breytingar verið gerðar á skipulagningu laganámsins, m.a. með skiptingu þess í B.A. eða B.S. hluta annars vegar og meistaranámshluta (LL.M) hins vegar. Þessar breytingar má m.a. rekja til vinnu við samræmingu prófgráða í háskólum innan EES, sem kennd hefur verið við Sorbonne-Bologna verkefnið, en megin hlutverk þessarar samræmingarvinnu er að tryggja að allt háskólanám á Evrópska efnahagssvæðinu byggji á sömu grundvallarviðmiðunum, m.a. í ljósi kröfunnar um gagnkvæma viðurkenningu á prófgráðum og starfsréttindum milli aðildarríkjanna og reglna um frjálst flæði vinnuafis.

Kröfur um samræmingu reglna

Kröfur um samræmingu eru ekki eingöngu á sviði háskólamenntunar heldur ná þær einnig til annarra starfsskilyrða einstakra fagstétta. Þetta endurspeglast m.a. í kröfum um tímabundið starfsnám áður en tiltekin starfsréttindi eru veitt, prófum til öflunar starfsréttinda og loks til krafna um skylduendurmenntun eftir að tiltekin starfsréttindi eru fengin. Þessi þróun á jafnt við innan lögmannastéttarinnar og annarra sérfræðistétta. Þannig hefur á vettvangi CCBE (Samtaka evrópskra lögmannafélaga), sem Lögmannafélag Íslands er aðili að, verið rætt um samræmingu á tímalengd starfsþjálfunar lögfræðinga áður en þeir þreyta próf til öflunar málflutningsréttinda. Sama á við um reglur um skylduendurmenntun lögmannna sem í vaxandi mæli hafa verið að ryðja sér til rúms í Evrópu á undanförunum árum. Er það mat CCBE að hafi stefnumótun og hugsanleg innleiðing slíkra samræmdra reglna ekki farið fram innan fárra ára takmarki það mjög möguleika samtakanna á að hafa áhrif á reglur Evrópusambandsins í þessa átt sem án efa verði innleiddar í fyrir-sjáanlegri framtíð.



– og engin þörf á „málamiðlun“



DATA COPY

- fjölnotapappír er ávallt jafn hvítur og sléttur.
- öruggur í allar gerðir skrifstofuprentara,
- ljósritun, bleksprautu og laserprentun.
- vistvænn og aldursþolinn (ISO 9706).



hvítlist

PAPPÍR TIL PRENTUNAR

Krókhálsi 3 - 110 Reykjavík - Sími: 569 1900

Fax: 569 1901 - Netfang: hvitlist@hvitlist.is



„hverrar krónu virði“

RENATA ERLENDSSON

**löggiltur dómtúlkur
og skjalapýðandi**

ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA

**VÖNDUÐ VINNUBRÖÐ
ÁRATUGA REYNsla**

RENATA EHF
Pýðingar og túlkun

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.

GSM: 898 0904

Fax: 562 2517

E-mail: renata@tv.is

► Aukin krafa um sérþekkingu

Þær breytingar sem átt hafa sér stað hér á landi síðustu misseri snúa ekki eingöngu að grunn- og starfsmenntun lögfræðinga heldur einnig að auknum kröfum um þekkingu lögmanna og til þjónustu þeirra, t.d. við íslensk fyrirtæki í útrás eða erlend fyrirtæki sem sótt hafa inn á íslenskan markað, þar sem þeir eru í beinni samkeppni við erlenda lögmenn. Það liggur í augum uppi að til þess að íslenskir lögmenn geti staðið undir þeim kröfum sem breytt viðskiptaumhverfi hér á landi hefur haft í för með sér, jafnframt aukinni samkeppni erlendis frá, verða þeir sífellt að auka við þekkingu sína og reynslu. Reyndar hefur vaxandi áhugi verið meðal ungra íslenskra lögmanna á að sækja sér viðbótarmenntun erlendis á sviði lögfræði. Með því hafa þeir búið sig undir vaxandi kröfur sem gerðar eru til þeirra sem ráðgjafa og hagsmunagæsluaðila á viðkomandi sviði og um leið styrkt samkeppnisstöðu sína, bæði gagnvart íslenskum og erlendum lögmönnum. Það sama hafa lögmenn í nágrannalöndum okkar gert með góðum árangri. Danska lögmannafélagið hefur t.a.m. um nokkurt skeið unnið markvisst að því að tryggja starfsgundvöll danskra lögmanna erlendis og er nú svo komið að 6% af tekjum þeirra, eða sem svarar 4,7 milljörðum íslenskra króna, eru vegna starfa erlendis. Það er því deginum ljósara að ætli íslenskir lögmenn að veita íslenskum fyrirtækjum og einstaklingum lögmansþjónustu, sambærilegri þeirri sem í boði er erlendis, verður að tryggja að umgjörðin um lögmannastéttina hér á landi og þær reglur sem að henni snúa, séu með þeim hætti að þær standist fyllilega það sem þekkt er erlendis, einkum á evrópska efnahagssvæðinu. Enn vantar verulega upp á slíkt, þó svo þær breytingar sem gerðar hafa verið á laganáminu séu fyrsta skrefið.

Horft til framtíðar

Þó svo að regluverk um íslenska lögmenn hafi ekki fylgt þeirri þróun sem átt hefur sér stað í Evrópu á undanförunum misserum, sé ég fyrir mér að í náninni framtíð verði menntun íslenskra lögmanna þannig hátt að eftir að hafa lokið þriggja ára BA námi í lögfræði og eins til tveggja ára masternámi (LL.M), taki við eins til tveggja ára starfstengt nám á lögmansstofu, hjá dómstólum eða tilteknum opinberum stofnunum og eins til tveggja ára sérhæft framhaldsnám sem tekið yrði fyrir starfsnámið eða að því loknu. Að loknum starfsnámi, og eftir atvikum sérnámi, tæki við próf til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi, m.a. með flutningi prófmála, eins eða fleiri og að því loknu réttindaöflun til málflutnings fyrir Hæstarétti. Jafnframt verði komin á lögbundin endurmenntunarskylda allra starfandi lögmanna. Hvort þessi spádómur minn rætist eða ekki mun tíminn einn leiða í ljós, en í mínum huga snýst málið einfaldlega um það hvort íslenskir lögmenn ætli að vera með eða ekki þegar kemur að því bjóða samkeppnishæfa þjónustu við íslensk fyrirtæki erlendis eða við erlend fyrirtæki hér á landi. Sömu sjónarmið eiga að sjálfsögðu einnig við um þjónustu lögmanna við einstaklinga og stofnanir.

Stálslegið öryggi

Öryggisskáparnir frá Rosengrens eru traust geymsla fyrir peninga, skjöl, tölvugögn og önnur verðmæti. Skáparnir sem eru í hæsta gæðaflokki fást í ýmsum stærðum og gerðum. Kynnið ykkur úrvalið.

YDDA/SIA

Bedco & Mathiesen ehf
Bæjarhrauni 10
Hafnarfirði
Sími 565 1000

BEDCO & MATHIESEN



LAUSNIR sem tryggja árangur

Gutenberg þjónar viðskiptavinum sínum í öllu er viðkemur prentun: ráðgjöf, hönnun og umbroti, offseti og stafrænni prentun, bókbandi og dreifingu. Nær væri að tala um miðlunarfyritæki því Gutenberg hefur óhikað sótt inn á ný svið í takt við nýja tíma og býður margvíslega þjónustu umfram hið hefðbundna prentverk. Dæmi um það eru ePóstur Gutenbergs og þjónusta tengd markpósti sem nýtur stöðugt meiri vinsælda.



Gutenberg ehf.
Síðumúla 16
108 Reykjavík
Sími 545 4400
Fax 545 4401
www.gutenberg.is

Held áfram meðan heilsan leyfir

Örn Clausen hefur starfað karla lengst í lögmennsku, eða í 47 ár. Árið 1958 hóf hann störf á eigin stofu, þrítugur að aldri, og hefur verið að síðan. Nýlega kom út bók þar sem Örn bregður sér í hlutverk sagnamannsins og segir skemmtilegar sögur af íþróttiferli sínum og eftirminnilegum samferðamönnum.

Bókin er skráð af þeirri sem þetta ritar en í þessu viðtali í Lögmannablaðinu lítur Örn um öxl og segir frá lögmansferlinum. Daginn sem við hittumst er Örn í fyrsta skipti bindislaus í vinnunni.

Viðtal: Eyrún Ingadóttir

PETTA ER dýrasta skyrta sem ég hef átt! Ég átti svo erfitt með að hneppa efstu tölunni að ég ákvað að fara bindislaus í vinnuna í fyrsta skipti. Ég myndi þó ekki mæta svona í Hæstarétt, þar eiga menn að vera í skyrtu og með bindi. Grétar Haraldsson kom einu sinni í rúllukragapeysu á þingfestingardegi í Hæstarétti. Björn Sveinbjörnsson var forseti og sagði:

„Svo eru það vinsamleg tilmæli til lögmansins að mæta í skyrtu með bindi.“

Þá var hitt svo mikið í tísku að Páll S. Pálsson fór á smókingball í hvítri rúllukragapeysu!

Frá Trípólíbíó í lögmennsku

Þú laukst laganámi árið 1953 og gerist lögfræðilegur ráðunautur og túlkur hjá öryggisþjónustunni á Keflavíkurflugvelli?

Ég var aðeins þarna um sumarið

en síðan varð ég framkvæmdastjóri fyrir Trípólíbíó, sem Tónlistarfélagið rak í gömlum bragga á Melunum til haustsins 1957 og það átti ekkert skylt við lögfræði. Þorvaldur Thoroddsen, fyrrverandi tengdafaðir minn, sá um að kaupa myndirnar fyrir bíóið árum saman. Það var í gegnum hann sem ég ákvað að taka að mér þetta djögg til þess að reyna rífa bíóið upp og það tókst.

Var þetta skemmtilegt starf?

Það var allt í lagi. Ég sýndi margar góðar myndir eins og *Lime-light* með Chaplin og *Núttímann*. Svo sýndi ég *Vald örslaganna* sem er ein besta mynd sem hefur komið í íslenskt bíóhús, með Tito Gobbi, Maríu Callas í aðalhlutverkum ásamt tenórnum Gino Zinimbergi. Ég þindi hana í sýningu í tíu eða ellefu daga og það komu 2100 manns en það hefðu getað komið 1050 á dag. Snobbfólkið hafði ekki

áhuga á einu fínasta tónverki sem hafði komið til landsins og ég komst þá að merkilegri niðurstöðu. Af þeim sem sækja símfóníutónleika er kannski helmingurinn sem hefur áhuga á músík en hinn helmingurinn sækir tónleikana til að sýna sig.

Svo söðlaðir þú um árið 1958 og tókst hdl. réttindin?

Þá var það þannig að ég fór í fjögur prófmál sem ég þurfti að útvega mér hjá starfandi lögmönnum og það gekk bærilega. Síðan opnaði ég eigin lögmansstofu haustið 1958.

Var nóg að gera í byrjun?

Já, þá auglýstu lögmenn með litlum eindálka auglýsingum í Mogganum og ég gerði það. Ég var meira í sakamállum en öðrum málum en það kom til vegna þess að þegar menn áttu að velja sér verjanda þá mundu þeir eftir nafn-



inu mínu úr sportinu, það er engin spurning.

Er eitthvert réttarsvið sem þú hefur ekki sinnt?

Nei, ég hef verið meira eða minna í öllum málum. Ég hef mikið verið í skilnaðarmálum og deilum milli fólks. Svo hef ég verið lögfræðingur VR frá því ég byrjaði lögmennsku. Guðmundur Garðarsson formaður réði mig sem fastan leiðbeinanda í lögfræði hjá VR. Síðar var Guðmundur B. Ólafsson, kollegi minn, einnig ráðinn og við sinnum þessu saman.

Lögfræðin við eldhúsborðið

Árið 1961 byrjaði eiginkona þín, Guðrún Erlendsdóttir, að starfa með þér ekki rétt?

Jú, hún byrjaði að praktisera með mér og gerði það í u.þ.b. áratug. Þá gerdist hún aðallega kennari við lagadeild Háskóla Íslands, varð dósent og kenndi erfðarétt, sífjarétt og stjórnarfarsrétt.

Vorud þið með einhverja verkskiptingu?

Nei, hún tók kannski heldur meira af skilnaðarmálum og svo-leiðis en þó tók hún ýmis önnur mál. Árið 1982 til 1983 fór hún eitt ár í Hæstarétt en þá bættu þeir við tveimur dómurum til þess að létta álagi á þeim sem fyrir voru. Síðan var hún skipuð alfarið við Hæstarétt árið 1986.

Talið þið mikið um lögfræðileg málefni á heimilinu?

Já, já, það kemur fyrir að það eru lögfræðileg málefni rædd við eldhúsborðið.

Svo er önnur dóttir okkar, Guðrún Sesselja, líka lögfræðingur.

Hvernig fannst ykkur, foreldrunum, þegar hún fetaði í fótspor ykkar?

Okkar fannst það ágætt. Hún fór í lagadeild, byrjaði á því að falla í almennu lögfræðinni á jólaprófinu og hét því að koma aldrei inn fyrir dyr á Lögbergi meir. Svo snérist henni hugur, hún fór í lögguna og var í henni í eitt og hálf ár, fór aftur í lagadeildina og gekk þá ágætlega.

Hvernig er með sjónarmið lög-

manns og Hæstaréttardómara, eiga þau alltaf samleið?

Ég diskútera ekki mál við Guðrúnu sem hún er að dæma í, og hún víkur sæti í mínum málum.

Lögmennskan misjafnlega skemmtileg

Nú ert þú búinn að starfa í tæplega hálfri öld sem lögmaður, hefur þú aldrei orðið leiður á starfinu?

Nei, þetta er misjafnlega skemmtilegt auðvitað. Ég hef aldrei orðið þannig að ég hafi hugsað um að hætta eða neitt slíkt.

Er einhver munur á því að vera lögmaður í dag eða þegar þú byrjaðir?

Ekkert annað en það að þá þekkti maður alla lögfræðingana en núna þekki ég ekki nema einn þriðja af þeim. Það eru komin ný andlit, það er aðalmunurinn.

Er verklagið meira og minna það sama?

Já, já, mjög mikið það sama. Það er náttúrulega dálítill munur á einu og það er þegar það varð breyting á skipan dómsmála 1991. Ég man

alltaf eftir því þegar Halldór Þor-
björnsson var sakadómari í Reykja-
vík og var boðið til Rússlands
ásamt Sigurði Baldurssyni. Áður en
Halldór fór sagði ég við hann:

„Jæja Halldór, taktu nú eftir einu
í Rússlandi. Það er sama system og
hér, dómarninn remsist eins og
rjúpa við staur við að sanna sök og
svo dæmir hann á eftir.“

Þegar Halldór kom aftur til baka
þá spurði ég:


„Jæja Halldór minn, var þetta
eins og ég sagði?“

„Nei, ekki alveg!“ svaraði hann,

„Hver var munurinn?“



Bíóauglýsingar frá þeim
tíma þegar Örn var
framkvæmdastjóri
Trípólíabíós.



Á skrifstofu Arnar er
skipulögð óreiða þar
sem hver hlutur er á
sínunum stað!

„Þeir voru með ólöglerða dóm-
ara!“

Það var eini munurinn í Rúss-
landi og á Íslandi!!!

*Áttu eftirminnilega skjólstaðinga
eða mál?*

Þau væru eflaust mörg ef maður
byrjaði að hugsa. Ég segi nokkrar
sögur úr lögmennskunni í bókinni.
Það eru til skjólstaðingar sem telja
sig hafa meira vit á hlutunum en
við höfum og heimta t.d. áfrýjanir
út í loftið. Ég neita alltaf og segi
þeim að fá sér annan lögfræðing.
Ég fer í áfrýjun ef ég tel að þær eigi
rétt á sér en ekki ef menn vilja

áfrýja. Tveir skjólstaðingar í kyn-
ferðisbrotamálum sögðu við mig að
þeir vildu áfrýja og ég sagði þeim
að fara annað, sagðist ekki koma
nálægt því. Hæstiréttur þyngdi
dóminn á þeim báðum um eitt og
hálf ár.

60 pundum þyngri en Sonny Liston!

*Hefur þú aldrei verið hræddur við
skjólstaðing?*

Ég svaraði þessu einu sinni
þannig: Ég held að þeir viti, þessir
menn sem ég hef verið að aðstoða,

að ég er sextíu pundum þyngri en
Sonny Liston þegar hann vann
Cassius Clay! Þess vegna held ég að
þeir leggi ekki í það. Menn hafa
komið hingað inn og verið að rífa
kjaft. Ég hef sagt við þá: Þarna eru
dyrnar, ég er ekki eins snöggur og
ég var en ég er snöggur samt! Nú er
bara spurningin: Hvað ert þú
snöggur út? Þá verða þeir svo
hræddir að þeir hlaupa!

*Hvað finnst þér um kollega þína,
lögmenn?*

Ég dró eitt sinn lögfræðingastétt-
ina í dilka. Ég var í slysamáli uppi í
Borgardómi á Túngötu og þar voru

tveir lækna meðdómendur. Ég var nýkominn frá Ameríku og sagði þeim þessa sögu:

„Ég heyrði helvíti góða lýsingu á lækna stéttinni úti í Ameríku hjá lögfræðingum sem ég borðaði með. Þeir sögðu: They are lazy, arrogant, irresponsible, money-conscious, bastards. Þetta var lýsingin á læknum.“


Þá sögðu lækna rir við mig:

„En lögfræðingastéttin, getur þú ekki lýst henni?“

„Jú, viljið þið það?“ sagði ég, „fjörutíu prósent eru „all right men“ sem kunna sitt starf og eru eins og menn og fjörutíu prósent eru asnar af guðs náð!“

„Hvað með þessi tuttugu prósent sem eftir eru?“ spurðu þá lækna rir.

„Þeir eru crooks,“ svaraði ég og held að þessi lýsing sé nærri lagi! Þeir báðu mig um að nefna einhver dæmi og ég neitaði að gera það.



Skipulögð óreiða

Á skrifstofu Arnar er skipulögð óreiða, blaðabunkar á borðum og pappakassar á gólfum sem mál eru sett í jafnóðum og þeim ljukur. Þegar skrifstofan var parketlögð fyrir nokkrum árum var Örn ekki alveg á því hvort það væri hægt án þess að riðla skipulaginu. Guðmundur B. Ólafsson, kollegi hans, tók sig til og færði allt til án þess að hreyfa við nokkru á borðum og í hillum. Þegar Örn settist niður þá vantaði einn hlut og hann þrumaði: „Guðmundur, hvar er penninn?“ Guðmundur bringdi í eiginkonu sína, sem hafði hjálpað honum við tilfæringarnar, og hún gat vísað á pennann. Þannig tókst að breyta engu þrátt fyrir skipti á golfefni! Örn segist geyma mun meira en hann þurfi, bæði af skjölum og öðru.

Konan skammar mig fyrir að geyma jafnvel fót sem ég er löngu

„vaxinn“ upp úr! Ég segi alltaf: „Hvur veit nema ég grennist!“

Draslið þarf að vera skipulagt! Ég er eins og Baldur Möller. Ég get gengið að hlutunum og fundið þá, veit hvar á að leita en ef það væri einhver sem kæmi að taka til... sá fengi fyrir ferðina! Þú veist hvað Kennedy forseti gerði þegar kerlingin sem vann hjá honum kom og tók til á skrifborðinu hjá honum? Hann rak hana! Hann fann ekki neitt eftir það.

Notar þú tölvu við störf þín?

Ég er með tölvu hér á skrifstofunni og aðra heima, ég nota þær bara ekki. Ef ég þarf að skrifa bréf þá nota ég ritvél, handskrifa fyrst og vélrita svo. Ég kem ekki nálægt tölvunum!

Læt þvælumál eiga sig

Hefur þú oft þurft að eiga við samvisku þína í lögmannsstarfinu?

Annað hvort er lögmaður að hjálpa mönnum eða hann er ekki í þessu djöppi. Hann má ekki fara eftir því hvað honum finnst frekar en dómari. Lögmaður verður að hjálpa skjólstæðingnum á allan hátt, hann er eiðsvarinn til þess. Lögmaður má ekki fara eftir því hvað honum finnst heldur verður hann að vera algjörlega objectivur og gera allt sem hann getur fyrir skjólstæðinginn án þess að ljúga að dómstólum, aldrei vísvitandi að ljúga. Ég kann þess nokkur dæmi að lögmennt hafi logið en vil ekki segja þau.

Nú ert þú orðinn 77 ára gamall, ertu enn á fullu?

Ég hef hægt á mér og sendi iðulega frá mér tímaflek mál sem ég nenni ekki að sinna. Ég læt alls konar þvælumál eiga sig en ég vísa aldrei brjáluðum kerlingum á vini mína!

Hvert fara þær?

Þær fara og velja sjálfar nýja lögmennt. Ef ég finn að það er einhver brjálæðingur þá læt ég ekki vini mína lenda í því!!!

Ætlar þú halda áfram í lögmenntu enn um sinn?

Já á meðan heilsan leyfir, ég sé enga ástæðu til annars, ekki nokkra. Sveinbjörn gamli Jónsson dó 85 ára gamall og var að til síðasta dags!

Hjá Sýslumanninum í Reykjavík hittu ritarnir starfsfólk sem þeir hafa verið í sambandi við árum saman. Farið var yfir feril mála hjá embættinu og húsakynni skoðuð hátt og lágt.

Ritarakynning á vegum LMFÍ




Ingiríður Lúðvíksdóttir skrifstofustjóri hjá Héraðsdómi Reykjavíkur kynnti dóminn fyrir riturunum og svaraði fyrirspurnum.

NÝVERIÐ EFNDI LMFÍ til sérstakrar kynningar fyrir ritara í Héraðsdómi Reykjavíkur og hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Óhætt er að fullyrða að vel hafi tekist til en vegna mikillar aðsóknar þurfti að tvískipta hópnum. Ritara lögmanna eru oft á tíðum í sambandi við þessar stofnanir og það var gaman að fylgjast með þegar þeir hittu kollega sína, sem þeir höfðu jafnvel verið í sambandi við árum saman án þess að hafa sést. Í lokin var farið í húsakynni LMFÍ þar sem félagið var kynnt auk þess sem boðið var upp á léttar veitingar. Kynningin heppnaðist með ágætum enda eru það ekki mörg tækifærin sem ritara lögmansstofa hafa til að hittast.



Helmingur hópsins í anddyri Héraðsdóms Reykjavíkur.



Aukið frelsi

Tveir nýir, einstakir hávaxta-sparnaðarreikningar á Netinu:

➤ SPRON **VAXTABÓT**

Tvöföld vaxtabót – eftir upphæð og lengd innstæðu

SPRON Vaxtabót er óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – og auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils.

- Algjört frelsi
- Engin lágmarksinnborgun en verðlaunað fyrir hærri innstæðu
- Enginn binditími en verðlaunað fyrir lengra sparnaðartímabil
- Engin úttektargjöld á Netinu

➤ SPRON **VIÐBÓT**

Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaviðbót að binditíma loknum

SPRON Viðbót er verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn í 36 mánuði, sem ber háa grunnvexti og auk þess stighækkandi vaxtaviðbót eftir lengd sparnaðartímabils að binditíma loknum.

- Aukið frelsi
- Vaxtaumbun tryggð á áframhaldandi innstæðu að binditíma loknum
- Engin lágmarksinnborgun
- Engin úttektargjöld á Netinu

Aðeins á Netinu – stofnaðu reikning á www.spron.is

Upplýsingar í síma 550 1400 eða á www.spron.is

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

Skiptir sköpum að ganga nógu hægt!



Ganga á
Hvannadalshnjúk
næsta vor:

Í BYRJUN NÓVEMBER var haldinn fyrsti undirbúningsfundur fyrir göngu félagsins á Hvannadalshnjúk. Fimmtán manns mættu á fundinn en þar kynnti Haraldur Örn Ólafsson, sérskipaður fararstjóri LMFÍ, ferðina, sýndi myndir og ræddi um með hvaða hætti þátttakendur gætu undirbúið sig. Nú er búið að panta gistingu á Hótel Skaftafelli fyrir hópinn og væntanlega flestir byrjaðir að þjálfa sig fyrir gönguna. Lögmannablaðið fékk Harald Örn til að svara nokkrum spurningum um gönguna, til fróðleiks fyrir þá sem ekki komust á fundinn.

Er ganga á Hvannadalshnjúk erfið?

Þetta er löng ganga með mikilli hæðarhækkun þannig að óhætt er að segja að hún sé erfið. Flestir sem hafa æft sig vel ná þó toppnum en þreytan segir til sín í lok dags.

Hvernig er best að þjálfa sig fyrir gönguna?

Fjallgöngur er besta þjálfunin og mæli ég

með reglulegum ferðum á nálæg fjöll, ekki síst Esjuna. Síðan er alhliða líkamsrækt einnig mikilvæg til að komast í gott form. Aðalatriðið er að hafa gott úthald til að takast á við svo langa göngu. Gott er að hafa til viðmiðunar að komast að stóra steininum undir Þverfellshorni Esjunnar á einni klukkustund.

Eru leiðirnar á hnjúkinn miserfiðar og hvaða leið ætlum við að ganga?

Algengustu leiðirnar eru Virkisleið og Sandfellsleið en þær eru álíka erfiðar. Við stefnum að því að fara Virkisleið sem er ein fallegasta leiðin á tindinn. Við byrjum á því að ganga á mannbroddum inn Virkisjökul en síðan taka við brekkur upp með Hvannadalshrygg. Útsýnið af þessari leið er mjög fallegt og stórbrotið.

Þú ræddir sérstaklega á fundinum um mikilvægi þess að fara nógu hægt yfir, hvers vegna er það svona mikilvægt?

Þetta er langur göngudagur, eða um 14 klukkustundir, og því skiptir sköpum að

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar
á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(nú þýðendur og túlkar).
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is



ganga nógu hægt. Ef farið er of hratt gefast menn frekar upp á miðri leið. Mörgum reynist erfitt að læra inn á þennan hæga göngutakt en það marg borgar sig að stilla sig inn á hann og eykur líkurnar á að komast á tindinn til mikilla muna. Reynslan sýnir að þeir sem ganga hraðar eru ekkert fljótar en hinir, þeir verða einungis þreyttari og þurfa og hvílast meira.

Hvað er þú sjálfur búinn að „skokka“ oft upp á Hvannadalshnjúk?

Ég hef því miður ekki tölu á því hversu oft ég hef farið á Hvannadalshnjúk en ég hef reynt að fara a.m.k. einu sinni á ári og sum árin hef ég farið mun oftar.

Heldur þú að þér takist að koma lögmönnum og þeirra fylgifiskum á toppinn?

Engin spurning, það mun takast!



**Þú getur
fengið þá
á netinu!**

www.pmt.is

ALLAR GERÐIR STIMPLA



✓ pmt
last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

Saga knattspyrnumóta LMFÍ

Smári Hilmarsson hdl.

SAGA KNATTSPYRNUMÓTA LMFÍ er jafngömul Lögmannablaðinu og því er við hæfi að rifja upp sögu þeirra í þessu afmælisblaði. Allt hófst þetta á því herrans ári 1995. Fyrir þann tíma höfðu lögmenn att kappi við fanga á Litla-Hrauni, sem þeir gera reyndar enn í dag.

Í árdaga knattspyrnumóta LMFÍ reyndist þrautin þyngri fyrir hina ýmsu íþróttafréttaritari að fá birtar greinar um mótin í Lögmannablaðinu og var því ekki um auðugan garð að gresja fyrir pistlahöfund að leita efnis um fyrstu mótin. Ekki skorti þó vilja íþróttafréttaritari að senda inn greinar skv. heimildum pistlahöfundar en einhverra hluta vegna rötuðu greinarnar ekki í fyrstu tölublöð blaðsins. Frá árinu 1999 hefur verið skrifað um hvert mót og verður svo vonandi áfram.

Það er eftirtektavert að þeir lögmenn sem skráðu sig til leiks á fyrstu mótin eru enn að

og er nýliðun í knattspyrnuhópnum frekar rýr. Sjást þessa merki þegar skoðað er hvaða lið hafa sigrað á mótunum frá upphafi. Tvö lið skera sig þar nokkuð úr: lið Grínarafélagsins sem nýtur aðstoðar Markarinnar í útimótum og lið Reynslu og Léttleika. Þessi lið hafa skipst á að vinna mótin utan þess að lið Bolta.is og lið Markarinnar hafa hvort um sig unnið einu sinni. Tími ungséðanna hlýtur að renna upp fyrir en síðar og hvetur greinarhöfundur yngri menn að taka sig nú saman og fjölmenna til leiks á næstu árum. Lið AM Utd. hefur t.d. komið sterkt til leiks undanfarin 2 ár en hefur ekki náð að vinna mót. Haldi þeir sínu striki mun þeirra tími renna upp!

Annars er ótrúlegt hvað keppnisviljinn fleytir mönnum áfram þó aldurinn sé farinn að segja til sín líkamlega. Jón Steinar Gunnlaugsson er besta dæmið um það en hann

Greinarhöfundurinn sjálfur með snilldar tilprif á knattspyrnumótinu í september sl. Takið eftir hvernig hann nær að stinga andstæðingana af í sókninni.





Sigurliðið Grínarafélagið á Mörkinni virtist með öllu óþreytt eftir enn einn sigurinn í haust enda vanir menn á ferð!

spilaði af leiftrandi ánægju langt fram á sextugsaldurinn og fór fyrir liði Reynslu og Léttleika. Jón gaf sér yngri mönnum ekkert eftir og skoraði grimmt allt fram á síðasta mót. Lið Þrumunnar er einnig gott dæmi um lið sem lætur sitt ekki eftir liggja og mætir til leiks á hverju ári, reyndar bara í innimótin hin síðari ár. Í því liði ríkir keppnisgleði og baráttuandi.

Eins og áður segir voru fyrstu mótin haldin á árinu 1995 og hafa þau verið haldin reglulega síðan. Er rétt að staldra við og telja upp sigurvegara frá upphafi.

Eins og áður er getið er saga Lögmanna-bladsins samtvinnuð knattspyrnumótum LMFÍ. Hafa hinir ýmsu íþróttafréttaritarar ritað um mótin í blaðið og skal hér gripið niður í helstu merkisatburði.

Árið 1995 tóku ellefu lið þátt í innimótinu og sex lið í utanhúsmótinu. Reynsla og Léttleiki reið á vaðið og sigraði á báðum mótunum.

Dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur tóku þátt í mótunum fyrstu tvö árin og kölluðu lið sitt Réttlætið. Liðið hætti keppni árið 1997 þar sem þeim fannst lögmenn

Sigurvegarar innimóts:

1995	Reynsla og Léttleiki
1996	Grínarafélagið
1997	Grínarafélagið
1998	Reynsla og Léttleiki
1999	Bolti.is
2000	Reynsla og Léttleiki
2001	Reynsla og Léttleiki
2002	Mörkin
2003	Reynsla og Léttleiki
2004	Grínarafélagið
2005	Reynsla og Léttleiki

Sigurvegarar útimóts:

Reynsla og Léttleiki
Reynsla og Léttleiki
Grínarafélagið á Mörkinni
Grínarafélagið á Mörkinni
Reynsla og Léttleiki
Grínarafélagið á Mörkinni
Grínarafélagið á Mörkinni
Reynsla og Léttleiki
Grínarafélagið á Mörkinni
Grínarafélagið á Mörkinni

annarra liða sækja heldur hart að sér, að því er sumir töldu til að hefna fyrir ósanngjarnar málskostnaðarákvarðanir dómara í þeirra garð. Er nema von að svo hafi verið því þetta var eini vettvangur lögmanna að sparka löglega í héraðsdómara landsins með tilvísun í 13. kafla Jónsbókar! Með liði héraðsdómara spilaði einn milliríkjadómari, en það var Guðmundur Haraldsson dómvörður.

Á innimótinu 1999 var brotið blað í sögu mótanna þegar lið Bolta.is sigraði með glæsibrag. Kemur fram í umfjöllun mótisins í Lögmannablaðinu að lið Reynslu og Léttleika og Grínarafélagsins mættu muna sinn fífil fegri.

Aðeins þrjú lið mættu til leiks í utanhúsmótið 2000 og 2001 en árið 2002 mætti sex lið til leiks, þar á meðal fyrsta kvennaliðið undir galvaskri stjórn Völu Valtýsdóttur. Bar félagið nafnið Íslenzkt Fótboltafjellag m.l. Vakti þátttaka liðsins mikla athygli, svo mikla að útvarpsfréttamaður af þekktri útvarpsstöð mætti á svæðið og sendi beina lýsingu af mótisstað og tók viðtal við nokkra liðsmenn. Í þessu sama móti mættu nokkrir skoskir lögmenn á svæðið og skoruðu á hina íslensku sigurvegara mótstins, Grínarafélagið á Mörkinni, til kappleiks. Lutu þeir skosku í gras enda höfðu þeir eitthvað verið að kanna miðbæ Reykjavíkur fyrir um daginn.

Mörkin, með Gunnari Jónssyni og félögum, sigraði á innimótinu 2002 og var það mál manna að Gunnar hefði oft sýnt tilbúðri í marki Markarinnar en aldrei sem á þessu móti.

Útimótið 2005

Nýjasta afurð knattspyrnumóta LMFÍ fór fram föstudaginn 23. september s.l. Þar lagði aldurskempa mótisins, Ólafur Garðars-

son, grunninn að sigri Grínarafélagsins á Mörkinni. Mótið var haldið á gervigrasi þeirra Frammara við Safamýri. Veður var frekar kalt en að öðru leyti þurfti ekki að kvarta yfir því frekar en fyrri daginn. Ekki var þátttakan til að hrópa húrta fyrir, aðeins mættu þrjú lið til leiks en þau voru frá Logos, AM Utd. og Grínarafélaginu á Mörkinni. Fyrsti leikur mótisins var á milli LOGOS og AM Utd. Er skemmst frá því að segja að AM Utd. sigraði örugglega 2-0. Næstu öttu kappi LOGOS og GM, og lauk leiknum með jafntefli 1-1. GM saknaði Gunnars Jónssonar hrl., (Gunnars Bartz) en hann var erlendis og gat því ekki leikið. Þórður Heimir Sveinsson hdl. tók stöðu Gunnars í marki GM og stóð sig með þrygðri þó markmannshanskar þeir sem hann mætti til leiks með hafi verið frekar sleipir. Fyrir lokaleikinn milli AM Utd. og Grínarafélagsins var ljóst að AM Utd. dugði jafntefli til að sigra í mótinu en að sama skapi urðu GM-ingar að sigra til að tryggja sér sigur á mótinu.



Það er afar fáheyrt að það náist svona hringmynd af kappi sparka í tuðru. Kunnugir telja líklegt að þetta sé Jóhannes Albert Sævarsson í stuði.


Leikurinn byrjaði af miklum krafti beggja liða en snemma leiks skoraði Ólafur Garðarsson hrl. gott mark úr hraðri sókn fyrir GM. Undir lok hálfleiksins jöfnuðu leikmenn AM Utd. eftir mikla pressu og stóðu leikar því jafnt í hálfleik. Í byrjun seinni hálfleiks bættu leikmenn AM Utd. við öðru marki og töldu þá flestir að sigur þeirra í mótinu væri tryggður. GM-ingar voru þó ekki á þeim buxunum og tókst að jafna um miðjan hálfleikinn með öðru marki Ólafs Garðarssonar í leiknum sem kom eftir þunga sókn. Rétt undir lokin skoraði Ólafur sitt þriðja mark sem tryggði sigur GM-inga í leiknum og þar með í mótinu. Fór vel á því að aldursforseti mótisins og sérstakur

umboðsmaður KSÍ tryggði liði GM sigurinn! Ekki er vitið til þess að margir erlendir njósnarar hafi fylgst með mótinu en hafi svo verið er víst að Ólafur gæti átt von á samningi við eitthvað erlent stórlíð lögmanna. (Auglýsir hann hér með eftir umboðsmanni til að gæta hagsmuna sinna.)

Hér hefur verið stiklað á stóru varðandi sögu knattspyrnumóta innan Lögmannafélagsins. Er það von pistlahöfundar að félagsmenn haldi áfram að stunda knattspyrnu af kappi næstu árin þannig að önnur svipuð grein líti dagsins ljós í 20 ára afmælisblaðinu sem kemur út árið 2015.



Íslenskt Fótboltafjélag m.l. mætti til leiks haustið 2002 og setti skemmtilegan svip á útimótið það ár.



JÁRNSÍÐA og KRISTINRÉTTUR ÁRNA ÞORLÁKSSONAR

Lögbókin Járnsíða frá 1271 og kristinréttur Árna biskups Þorlákssonar í Skálholti frá 1275 voru fyrstu löggin fyrir Ísland eftir að það varð hluti af ríki Noregskonungs árin 1262-1264 og komu í stað lagasafnsins Grágásar. Með þessum lögum var skilgreind ný skipan samfélags í landinu og eru textarnir undirstaða að skilningi á íslenski sögu síðmiðalda. Járnsíða kom síðast út árið 1847 og kristinréttur árið 1895. Hvorugur textinn hefur áður komið út á Íslandi áður en ítarleg atriðisorðaskrá fylgir útgáfunni.

Umsjónarmenn hennar eru Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon og Már Jónsson.

Félagsmenn LMFÍ fá Járnsíðu á sérstöku tilboðsverði 2200 kr.

Sögufélagið, Fischersundi 3, 101 Reykjavík,
sími 551 4620 (opið kl.14-18 daglega)

Mörður afhjúpaður!



Er þetta Mörður?

EINN AF vinsælustu lögmönnum landsins, og þótt víðar væri leitað, er Mörður en hann hefur fjallað opinskátt um líf sitt á síðum Lögmannablaðsins frá því það hóf göngu sína fyrir tíu árum. Vélritaðir pistlar Marðar hafa frá upphafi borist Lögmannafélaginu í brúnu umslagi. Ekki hefur verið hægt að ráða í rithandarsýnishorn hver maðurinn er, ekkert hefur komið út úr fingrafararannsókn og þótt sumir segist þekkja hann, teljist jafnvel til kunningja, þá er Mörður hulinn dul-arfullum þagnarmúr.

Lögmannafélagið lagðist í rannsóknarblaðamennsku á lægsta stigi til að reyna komast til botns í manninum (í anda DV)! Afraksturinn er hér á eftir, auk glefsa úr gömlum pistlum Marðar, viðtöl við meinta kunningja hans og nokkrar myndir sem kunnugir telja geta verið af honum. Mörður brást ekki sem endranær því nýr pistill barst rétt fyrir útgáfu þessa blaðs!

Æska og uppruni

Mörður er fæddur um miðja síðustu öld en í barnæsku var hann hrekkjusvín í Hlíðarhverfinu. Hann róaðist á unglingsárunum (öfugt við flesta aðra) og þegar hann var í lagadeild HÍ á hippatímabilinu þá var það rötækasta sem hann gerði að mæta bindislaus í tíma í stjórnarfararsrétti árið 1967. Fyrir það uppskar hann þó ómælda addáun skólasytškina sinna! Annars fór lítið fyrir Merði í lagadeildinni innan um öll gáfumennin sem þar voru. Hann átti fyrst og fremst samleið með bóndasonum af landsbyggðinni sem undu sér við taflmennsku og vísugerð en forðuðust daglegar málfundaæfingar. Mörður fékk 13,77 stig, þ.e. góða 1. einkunn og

varð þriðji í röð þeirra sem luku prófi um leið og hann. Hann fór þó ekki í eiginlegt framhaldsnám heldur stúderaði niðurjöfnun sjótjóna við lagadeildina í Osló í nokkra mánuði skömmu eftir námslok.

Lögmannsferill

Mörður fékk sitt fyrsta og eina launþegastarf sem lögfræðingur hjá Njáli heitnum Þorfinnssyni hrl. þegar hann lauk lagaprófi. Í byrjun lögmannsferils síns hafði Mörður mikinn áhuga á sakamálum og lagði svo hart að sér við að kynna sig fyrir væntanlegum viðskiptavinum að hann þurfti að fara í afvötnun.

Í upphafi sótti Mörður sjaldan aðalfundi og árshátíðir LMFÍ enda voru samskipti hans við félagið lítt ánægjuleg þar sem störf hans voru reglulega til umfjöllunar hjá félaginu. Það hefur breyst og m.a. fer Mörður í flestar námsferðir LMFÍ. Þegar hann fór til Brussel var honum stungið inn ásamt nokkrum öðrum lögmönnum fyrir að neita greiða fyrir svínahaus og gufusodnar grísatær. Segja má að hann sér dulítið manískur því þegar hann lagði IBM ritvélinni (sem hann notar þó ennþá til að skrifa pistla í Lögmannablaðið) og tölvuvæddist þá endasentist hann um allan bæ til að nýta sér tilboð félagsdeildar LMFÍ. Þátttakan í öllu þessu kostaði sitt, auk þess sem Mörður gat ekki tekið á móti kúnum á meðan, og því endaði með því að hann þurfti að slá aldraða móður sína um lán fyrir húsaleigunni.

Mörður hefur aldrei sótt um starf enda verið í eigin rekstri lengst af eða frá því hann hætti hjá Njáli í leiðindum eitt sumarið. Eitt sinn bauðst Merði vinna á þjónustusviði



Er þetta kannski Mörður?

Prátt fyrir mikla leit að mynd af Merði lögmanni hefur það ekki tekist með óyggjandi hætti. Þó var leitað í ljósmyndasafni dagblaðanna, Lögfræðingatalinu og hjá lögreglustjóra svo eitthvað sé nefnt. Nokkrar myndir hafa þó fundist en ekki er vitað hver þeirra er af lögmanninum. Lögmannablaðið ákvað því að birta þær allar.

ráðuneytis sem átti að sinna erindum frá fólki úti í bæ. Ráðuneytið var að reyna fá einhvern rykfallinn lúser til að taka við skítamálaveseninu í ráðuneytinu og því afþakkaði Mördur boðið. Tvívegis hefur Mördur talað sig uppí að sækja um dómarastöðu við Hæstarétt, en hætt við á síðustu stundu.

Prátt fyrir að Mördur hafi verið einyrki í öll þessi ár þá hefur hann átt sér þann draum að komast í sameinaða stofu með stjörnulögfræðingum. Hann tapar hins vegar málum óþægilega oft. Óhætt er að segja að Mördur sé breyskur maður en hann hefur oft verið á „gráa svæðinu“ í störfum sínum sem lögmaður. Hann er dulítið þunglyndur og vansæll enda er hann haldinn þeim erfiða kvilla „middle age crisis“.

Áhugamál Marðar

Fyrir utan að hafa gaman af því að tefla skák eða kasta fram vísu á góðum stundum, þá eru áhugamál Marðar ekkert til að hrópa húrri yfir. Hann hefur aldrei átt nein brennandi áhugamál en hefur þó reynt að fara í golf til að geta tekið þátt í umræðum um Tiger Woods, hús, fugla og slæs. Því síður er hægt að flokka Mörd til hugsjónamanna þar sem hann flokkar mannréttindi með fótanuddtækjum og segir að allir vilji eiga þau en enginn noti þau. Prátt fyrir að hafa farið í afvötnun í upphafi lögmannsferils síns drekkur Mördur áfengi og hann þolir ekki þetta léttvínssull sem er í tísku heldur fær sér alltaf einn tvöfaldan af sterku...Um hver áramót strengir Mördur fögur heit um að nýjan og betri lífsstíl.

Einkalíf Marðar

Mördur hefur alltaf talið sig þokkalega frjálsslyndan og víðsýnan þótt hann sé mjög íhaldsamur í klæðaburði og líti út eins og starfsmaður örnefnanefndar eða mannanafnanefndar. Þegar Mördur var giftur fyrstu konu sinni fór hann í sumarhúsaferðir með fjölskyldunni í eitthvert rigningarbælið á Jótlandi eða í Hollandi. Annars hefur hann átt erfitt með samskipti sín við konur og er raunar mjög mótfallinn því að konur hafa haslað sér völl í lögmennsku, ýmist kallar hann þær lögfreyjur eða lögkonur. Þó hefur Mördur alltaf talið sig vera jafnréttissinnaðan. Fyrir nokkrum árum ætlaði hann að ráða sér fulltrúa og það var ein kona sem sótti um. Hann var mikið að hugsa um að ráða hana en hann var alveg í stökustu vandræðum með það hvað hann ætti að borga kvenlögfræðingi svo hann sleppti því bara. Svo hjálpaði ekki að hann hafði eitt sinn haft slíkan fulltrúa, Þorgerði. Hann hafði talið að konur væru samviskusamari, með minni launakröfur og hægt að nota þær í uppvaskið. Eftir nokkur ár hætti Þorgerður og tók helminginn af kúnnunum með sér.

Þegar Mördur fór að skipta um konur þá mætti hann á árshátíðir og flesta lögfræðivíburði til að reyna að fanga hug einhverrar lögfreyjunnar. Einhverjar þeirra hefur hann stært sig af því að hafa deitað en fæstar vilja þó viðurkenna það! Þótt Mördur teljist seint fjallfríður hefur hann engu að síður verið fjöllyndur í kvennamálum í gegnum árin. Þó skal taka það skýrt fram að Mördur er af þeirri kynslóð karlmanna sem fer ekki á fjörurnar við konur nema undir áhrifum áfengis!



Getur verið að þetta sé Mördur?



Kunnugir segja að Mr. Burns og Mördur séu svo líkir í útliti að ekki sé hægt að greina þá í sundur á mynd. Ekki er vitað hvor þeirra er á þessari mynd en ef þetta er Mördur er hann skegglaus og það er mjög óvenjulegt.

EFTIR ÁRSHÁTÍÐ eitt árið fór Mördur í bæinn og bauð í partý á skrifstofu sinni eftir að hafa keypt einkadans á „erótískum dansstað“:

Skólasystir Marðar úr lagadeildinni hafði einnig slegist með í för og var yfir sig hneyksluð. Þegar samkvæmið stóð hæst fannst henni nóg komið og rak allt liðið út. Og þá ungersku líka með harðri hendi, hvar hún sat í kjöltu Marðar og daðraði við hann, klædd í leðurbuxur og með varalit í hendinni, flissandi. „Hvaða ólífnaður er þetta eiginlega, Mördur – einhverjar dansmeyjar og skríll?“ atyrta skólasystirin. „Hvað heldurðu að fólk haldi? Á ég ekki að keyra þig heim?“ – Ekkert vitrænt svar, heldur hægri höndin upp með krepptum hnefa og gamli brandarinn hans: „Áfram Skallagrímur, nóttin er ung!“

... Mánudagurinn rann upp. Mördur kom á skrifstofuna og horfði flóttalegur á nýja ritarann á stofunni ... „Hringdi einhver“, spurði Mördur. „Já, það var einhver kona eða eitthvað, en það var bara svo erfitt að skilja hana – vá, hún talaði bara einhverja ensku og íslensku til skiptis og ég skildi hana varla. Hún sagði að hún vildi „mannréttindi til að dansa“ og ætlar að hringja aftur. Hey, svo var hún bara með einhverjar ýktar hótanir og



Mördur er ekki skemmtilegur í samkvæmum!

Brynjar Níelsson hrl. svaraði spurningunni um hvort hann þekkti Mördur játandi en hvernig maður er hann?

Hann er sérstakur lögmaður, náttúrulega svolítið forn en óvitlaus. Hann er ekki skemmtilegur í samkvæmum en telur sig vera nokkuð flottan og æðislegan. Hann á það til að ofmeta sig og verður svekktur þar sem hann hefur ekki fengið það hrós sem hann telur sig eiga skilið. Í seinni tíð hefur hann orðið svolítið „grumpy“ það hefur gerst með aldrinum.

Telur þú ykkur vera vini?

Nei, en svona góðkunningja. Við höfum stundum lent saman í málum og stundum hef ég meira að segja verið meðverjandi.

„Best of Mördur“

– Mördur hefur oft farið á kostum í gegnum tíðina og hér koma valdir kaflar sem ...

sagði alltaf „murder lawyer, murder lawyer“. Ég var geeseðveikt hrædd“ ... Mördur fór inn til sín og horfði í spegillinn. Honum leið eins og aðalpersónu í raunhæfu verkefni eftir Jónatan Þórmundsson. Heimfærslan var hlutdeild í tilraun til brots gegn blygðunarsemi, m.ö.o: einkadans.

Mördur var sannfærður um að starfs- titillinn „lögmaður“ bæri með sér ótvíræðan kynþokka á þessum nýju miðum. Hann myndi ekki þurfa annað en að nefna það að hann væri fráskilinn lögmaður og konurnar myndu líta framhjá svitahringjunum á skyrtni, þunna hárinu og þykknandi maganum. Mördur sá sig fyrir sér umvafinn og eftirsóttan fráskilinn lögmann. Ekkjur myndu bjóða honum í kjötsúpu, einstæðar mæður senda honum pönnukökur ...

Mördur kastar fram kviðlingi á góðum stundum, samanber þessa:

Á heiðskírur degi er himininn blár.
Það hressir jafnt fátæka og ríka.
Brátt fæðist Jesús, jatan er klár
Og jólastimplarnir líka.

Á skrifstofunni voru annir á þessum Á tíma, dómamar landsins kepptust við að klára sína dóma fyrir áramótin og þau fáu mál sem Mördur luntaðist með fyrir dómstóla voru gjarnan flutt munnlega á þessum tíma. Málflutningurinn hafði aldrei heillað Mördur sérstaklega „ég er maður sátta – því betri er mögur sáttn en feitur dómur“ sagði Mördur gjarnan á góðri stund. Hann hefði raunar aldrei skilið rökfræðina í þessu spakmæli því alla jafna var betri feit sáttn en magur dómur. En Mördur vildi sem sé helst vera á sínum kontór að snudda við pappíra

eins og hann orðaði það, frekar en að fljúgast á í dómsölum.

Það hefur aldrei verið tekið viðtal við Mördur – aldrei. Enginn fjölmiðill hefur nokkurn tíma leitað eftir slíku við hann. Þetta þykir Merði furðulegt og raunar mjög sérkennilegt líka.

Síminn hringdi eina nóttina fyrir stuttu heima hjá Merði. Svefnurdrúkkinn reis hann upp við dogg og svaraði „Hjá Merði lögmanni góðan dag.“ Allur drungi hvarf hins vegar eins og dogg fyrir sólu þegar ábúðarfull en þó frekar leyndardómsfull rödd kynnti sig frá Ávana- og fíkniefnadeildinni. Sæluhrollur hríslaðist niður hrygginn á Merði. Loksins, loksins, loksins skilaði það árangri að standa þessar bakvaktir hjá Lögmannafélaginu. Og loksins hringdi alvöruglæpadeild hjá löggunni. Mördur hafði nefnilega lengi öfundað í leyni kollegana sem gátu smelt í góm í kokteilboðunu og talað kæruleysislega um þetta og hitt stórmálið sem þeir voru að vinna að; Stóra kókainmálið, Stóra E-pillumálið Pínu lítið sljákkaði hins vegar eitt augnablik í Merði þegar ábúðarfulla en þó frekar leyndardómsfulla röddin spurði hvort hann gegni undir viðurnefninu Mördur. Það væri nefnilega þannig, útskýrði röddin, að þeir hefðu gripið barmfríða austantjaldssnot á Keflavíkurflugvelli með „bland í poka“. Hún hefði sagst vera fara vinna sem listdansmæri á veitingahúsi sem raunar góðkunningi löggunnar ræki í miðborginni en kollegi hennar, sem hefði áður verið á Íslandi, hefði bent henni á að tala við Mördur lögmann ef hún lenti í einhverju klandri. Hann væri sá besti- og svo líka rausnarlegur í tipsinu.

Fyrir utan einstaka framsóknarmann höfðu lagadeildarfélagarnir forðum ýmist verið andlitshærðir úlpumenn, sem seldu Neistann, blað Æskulýðsfylkingarinnar, fyrir utan Ríkið, ellegar sléttgreidd bindismenni sem lofuðu hina frjálsu samkeppni og afneituðu hinni dauðu hönd ríkisvaldsins í löngu máli í ræðu sem riti. Þegar Mördur fór að setja það niður fyrir sér hvar félagarnir væru nú niðurkomnir varð hann klumsa. Svo virtist sem að Neistasólumennirnir hefðu helst orðið harðsvíraðir praktíserandi



Fermingarúrið gerði útslagið!

Lögmaður, kona á besta aldri, sem ekki vill láta nafns síns getið, segist hafa verið í sambandi við Mörð um tíma og m.a. hafi verið byrjað að tala um sambúð áður en upp úr slitnaði.

Hvað varð til þessara sambands-lita?

Viðhorf Marðar til kvenna, fyrst og fremst. Það rann upp fyrir mér hvíllík karlremba hann er og ég sem virkur femínisti gat ekki látið það viðgangast að búa með manni sem áleit mig af óæðra kyni.

Hvernig maður er Mörður?

Hann er mjög spes, svo ekki sé meira sagt. Fyrst fannst mér það sjarmerandi en síðan fóru að renna á mig tvær grímur þegar ekki var hægt að koma honum úr gömlu jakkafötunum. Þetta með fermingarúrið gerði svo útslagið.

Hvernig þá?

Ég vil ekki tjá mig um það frekar en segi bara að ef menn eru tilfinningalega tengdir fermingarúrinu sínu þá er virkilega þörf á sálfræði-aðstoð.

Lögmenn sem rökuðu saman fé og keyrðu jeppa. Þeir sem afneituðu hvað harðast hinni dauðu hönd hins opinbera höfðu á hinn bóginn flestir gengið ríkisvaldinu á hönd og hittust nú helst á sellufundum hjá BHMR fyrir utan einn og einn ríkisrekinn lögmann.

Slanguryrðið „lúser“ hafði öðlast alveg nýja merkingu í huga Marðar. Hann taldi sig vera mesta erki „lúser“ allra tíma. Hann var búinn að tapa sautján málum í röð.

Mörður gerði stutt hlé á lestrinum og leit upp. Einungis eðlislæg hógværd hans og kurteisi varnaði honum að hrópa upp: „Yó man, ertu vakandi?“ Mörður hafði lagt óvenju mikla vinnu í málflytningsræðuna. Eins mikla og hægt er að krefjast af lögmanni sem gengur í öll störf á skrifstofunni. Nóttin fyrir mál-

flytninginn hafði farið í undirbúning. Hann leit fast á dómarrann. Höfuðstilling minnti Mörð á styttuna af hugsuðinum. Þessi alvörubrunni og niðurlúti maður sem hvílir ennið á hnúunum. Hann hlýtur að taka eftir, hugsaði Mörður með sér og hélt áfram. Sér til sárrar gremju áttaði Mörður sig á, við lestur dómsins, að grunur hans reyndist réttur „dómarinn hafði verið steinsofandi í málflytningnum.

Hvernig er þetta eiginlega eru engar kröfur gerðar lengur til lögmanna?, hugsaði Mörður með sér þegar hann kom af erfiðum fundi. Hvernig átti honum að detta í hug að þessi stelpu-kind væri ekki þarna til þess að taka við frakkanum hans og bera honum veitingar? Slík mistök voru að mati Marðar eðlileg, enda leit stúlkukindin alls ekki út fyrir að gegna svo mikilvægu starfi sem lögmennskan er. Nei, Mörður var nú vanari því að eiga við gamla spilafélaga sína í störfum sínum og þurfa einstöku sinnum að þola samskipti við einhverja nýútskrifaða besserwissara af karlkyninu. Mörður hafði reyndar orðið var við að einhverjar konur væru í stéttinni, enda ekki hægt að komast hjá því að taka eftir slíkum frekjum! Gat verið að þetta væri að breiðast út? Hvað yrði þá um allt hið kunnuga sem hann þekkti í heimi lögmennskunnar?

Mikil sæla er það nú stundum að vera Malls óskyldur ráðamönnum þjóðarinnar. Að ekki sé minnst á það að hafa ekki málflytningsréttindi fyrir Hæstarétti. Hváru tveggja sýndist Merði að fylgdi fátt annað en armæða og leiðindi við að vera sífellt á milli tanna á hælbitum og öfundusýkingum.

Kemst svosem bærillega af með þökkalega innheimtu, stöku refsímál og forsjármál og þegar saltið fer að minnka í grautum má alltaf kvabba um nokkur eignalaus þrotabú niðri í héraðsdómi. Íbúðin í Hlíðunum með rósótta teppinu og betrekkinu dugar líka fint. Það er kannski engin ástæða til að hafa of miklar áhyggjur af velgengni annarra eða vanda þeirra. Þeir hafa örugglega dýrari lögmenn og finni í tauinu heldur en Mörð til að liðsinna sér gegn ásókn allra þessara rannsakara og meiðyrðinga.

Svo geta þeir líka alltaf þegar allt um þrýtur stokkið í skjól pólitíkusanna, vina sinna, flokksfélaganna eða vandamanna sinna. Má ég þá frekari biðja um víxillinnheimtuna, þægilegt sautjándakaflamál – sælir eru ættlausir og auðlausir hugsaði Mörður og leit glottandi til himins.

Mörður hefur aldrei getað skilið konur allt öðruvísi en karlar. Lífsviðhorf þeirra og gildi eru allt önnur og svo eru konur hræddar við að axla ábyrgð og taka ákvarðanir. Konur geta svo sem verið þökkalegir lögmenn en þær eru óþarfa smámunasamar enda eru konur með næmt auga fyrir allskonar smáatriðum í umhverfi sínu eins og ryki og svoleiðis þjatti. Slík mál lenda sjaldnast á borðum lögmanna.



Mörður illa þrifinn til fótanna!

Þórunn Guðmundsdóttir hrl. segist þekkja Mörð töluvert.

Ég hef lent á móti honum í málum og hef oft þurft að sitja við hliðina á honum í dómssölum og á fundum. Það versta er þessi árátta hans að fara alltaf fara úr skónum og hann er hreinlega illa þrifinn til fótanna.

Það er uppi orðrómur um að þið hafið farið út saman, er það rétt?

Nei það er ekki rétt, ég er ekki farin af fella fjadrirnar það mikið að ég þurfi að fara út með Merði!

Mörður hefur verið nokkuð sár og reiður síðustu misseri vegna þess að nafn hans er aldrei nefnt þegar fjallað er um stjórnlögreglufræðinga. Mörður á langan og farsælan feril í lögmennskunni. Hann hefur skrifað margar greinar í Úlfliót og Tímarit lögfræðinga, flutt fyrirlestra á málþingum, sinnt kennslu og er með eina allra hæstu einkunn sem gefin hefur verið í Háskóla Íslands. Þá hefur Mörður flutt merkileg, umfangsmikil og flókin mál í Hæstarétti og náð að kæfa réttinn í ljósritum úr fræðiritum og alls konar tilvitnunum sem þótti lengi vel merki um góðan og merkilegan lögmann.



Helgi Jóhannesson hrl.

LÖGMANNABLAÐIÐ ER 10 ára um þessar mundir. Af því tilefni hefur verið ráðist í að breyta útliti blaðsins, gera það stærra og enn glæsilegra. Blaðið gegnir mikilvægu hlutverki meðal lögmanna. Það þjónar í raun þrenns konar tilgangi: Vera upplýsingamiðill til lögmanna um mál efni sem þeim tengjast, sinnir fræðilegu hlutverki og hefur skemmtigildi.

Það hefur nokkuð borið á því að lögmenn séu tregir til að koma með efni í blaðið. Eflaust má þar um kenna hinni margnotuðu afsökun, annríki eða jafnvel ímynduðu annríki sem er enn verri tegund af afsökun, en þó meira notuð en hin fyrrnefnda.

Ég tel að það sem þó helst haldi aftur af mönnum í þessu sambandi sé að þeir telji sig ekki búa yfir nógu fræðilegu eða merkilegu efni til að birta í slíku fagttímariti. Ef þetta er ástæðan fyrir ritleti lögmanna þá er hún byggð á miklum misskilningi um tilgang blaðsins. Blaðið er og á að vera léttara lesefni en t.d. Tímarit lögfræðinga, Lögrétta og Úlfjótur sem öll eru hefðbundin fræðitímarit á sviði lögfræði. Greinar sem birtast í blaðinu eru ekki fræðigreinar í þeim skilningi auk þess sem mikilvægt er að í blaðinu sé efni sem einmitt er ekki djúpar fræðilegar pælingar heldur t.d. umfjöllun um áhugamál

þess er ritar, ferðalögur, aðrar lífsreynslusögur eða hreinn skáldskapur. Með því verður blaðið enn skemmtilegra lesefni án þess að glata mikilvægi sínu sem fagttímarit fyrir lögmenn.

Ég hef lengi haft þá skoðun að fleiri en lögmenn eigi að vera mjög metnaðarfullir í þessari útgáfu sinni. Auka tíðnina á útkomu blaðsins og fiska eftir efni frá lögfræðingum í öðrum starfsstéttum til birtingar í blaðinu. Starf lögmanna tengist oftast en ekki störfum lögfræðinga sem starfa hjá hinum ýmsu stofnunum ríkisins, ráðuneytum o.fl. Efni frá þessu fólki á fullt erindi í Lögmannaþingi og er til þess fallið að gera blaðið gagnlegra fyrir lögmenn.

Ég hvet lögmenn til að stíga upp úr ímyndaða annríkinu eða hinu raunverulega og vera ófeimna við að senda blaðinu efni eða gera tillögur til ritnefndar um efni sem getur gert blaðið enn gagnlegra og skemmtilegra rit. Þar liggja hagsmunir okkar allra.



Mannréttindasáttmáli Evrópu Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt

Bókin er lögfræðilegt heildarrit um Mannréttindasáttmálann, réttindin sem hann verndar og hvernig verndin kemur fram í framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Lýst er hvernig áhrif sáttmálans birtast í íslenskum rétti og hvernig réttindi hans eru tryggð með hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, íslenskrar löggjafar og dóma Mannréttindanefndarinnar og Mannréttindadómstólsins í kærumálum gegn íslenska ríkinu. Ritið hefur þannig íslenskt sjónarhorn og því sérstakt hagnýtt gildi fyrir íslenska lögfræðinga. Loks er fjallað um túlkunaraðferðir Mannréttindadómstólsins við úrlausn mála, lýst reglum um skilyrði þess að kæra verði tekin til meðferðar og meðferð kærumála fyrir dómstólum. Bókin er umfangsmikið samstarfsverkefni þar sem fræðimenn lagadeilda Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík leggja saman krafta sína auk annarra sérfræðinga um mann-
réttindi en höfundar efnis í ritinu eru alls tólf talsins.

Ritstj.: Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir, Hjördís Hákonardóttir

Lagaslóðir

Prettán ritgerðir á ýmsum sviðum lögfræði og réttarsögu. Allar eru ritgerðirnar áhugaverðar fyrir lögfræðinga jafnt sem aðra áhugamenn um lög og sögu. Fjallað er um efni á sviði samanburðarlögfræði, um meginrætti japansks réttar, um lögleiðingu vestrænna réttarreglna í Tyrklandi, um borgaralögbækur Ítala og Spánverja og um réttarþróun í Suður-Afríku. Þá eru greinar um kirkjurétt og um lögfræði og lagamenn fyrri tíðar. Á ensku og dönsku eru m.a. greinar um Jónsbók, hina fornu lögbók Íslendinga og um innleiðingu ákvæða úr hinum norsku og dönsku lögbókum Kristjáns konungs V. á Íslandi.

Höfundur: Páll Sigurðsson



Afbrot og refsíabyrgð III

Bók þessi er þriðja bindi fræðirits höfundar um afbrot og refsíabyrgð. Í verkinu er í sex þáttum fjallað um staðreyndavillu, lögvillu, sakhæfi, neyðarvörn, neyðarrétt og samþykki brotaþola. Með ritinu fylgja ítarlegar skrár.

Höfundur: Jónatan Þórmundsson



HÁSKÓLAÚTGÁFAN

www.haskolautgafan.hi.is

hu@hi.is

Af Merði lögmannni

Mikil ógnar Guðsblessun er nú lögfræðilega smæðin, að vera lögfræðilegt smámenni, og þurfa ekki endalaust að hafa skoðanir á öllu því prasi og þrátti sem fjölmiðlunum dettur í hug að þyrlla upp. Geta bara setið við sinn leist og velt vöngum yfir innheimtanleika víxilbladsins sem Guðmundur gamli múrari, blessaður kallinn, lét einn teinóttu-jakkafata-aðgræða-rosa-feitt piltinn svindla inn á sig upp í vinnulaun. Mördur var bara eiginlega hálf feginn að vera í þessari stöðu, að þurfa ekki sífellt að vera að glenna sig í fjölmiðlum. Honum taldist til að það hefðu verið einn til tveir lögmenntur í hverjum einasta Kastljóspætti þessa vikuna. (Þarna þættinum sem unga huggulega fólkið með brúnkukremin stjórnar eftir að Sjónvarpið henti ósítjanlegu stólunum og hleypti endanlega lögmannahjörðinni inn!)

Í þessum þáttum er stundum lögmannafjölmennti að þjarka um arðrán á aumingjans útlendingum sem hingað eru sendir í ljótum úlpum til að vinna upp um allar koppa-grundir á sultarlaunum. Næst eru helstu forsjársérfræðingar á flot settir til að romsa út spekinni um þau mál. Og varla er það búið þegar hinstu rökum lögfræðinnar er sveiflað á loft til að rökræða og rökstyðja í hvaða húsum ætti að ræða við börn sem búið er að plaga og hvor það mætti nú gera, dígrar löggur eða sálfræðingar með órætt blik í augum.

Er þá nú ekkert farið að minnast á Hringsmálið mikla. Almáttugur, þá fyrst kastar nú tólfunum og vandi vex af vegsemd hurri. Eða heldur fannst Merði þægilegt til þess að vita að þurfa ekki að taka þátt í skipulögðum uppákomum á vegum útlendra Pé err fyrir-tækja. Geta frekar tjáð sig, ef einhver vill hlusta, út frá brjóstvitinu þegar slíkt dettur í mann á Kaffivagninum eða í heitu pottunum í laugunum, frekar en að þurfa að láta skáka sér inn á fjölmiðlavöllinn eða út af honum aftur eftir dyntum svoleiðis forretninga. Eða hvurnig annars hefði verjandi einhverra endurskoðenda getað fullyrt í eitt skipti fyrir öll að aðalviðskiptajöfurinn, í því málinu stóra væri saklaus, sem verjandinn var ekki einu sinni að verja. Gömlu brúnu flauelsjakkafötin hans Marðar hefðu svo líka að öllum líkindum stungið dálítið í stúf í Dressmann göngunni í Austurstræti! Nema þá kannski að það hefði verið hægt að sviða eins og ein ný frá Guðsteini út á tilefnið.

Nei, Mördur ornar sér við tilhugsunina um að lögfræðilega smæðin og heimóttarskapurinn eigi sína kosti, til dæmis þann að þurfa ekki að tapa alveg sjálfstæðinu til verka og hugsunar. Þó svona verk hljóti að vera voðalega vel borguð, og hægt að rekstrarleigja ansi flotta jeppa út á þau, þá er Mördur ekki frá því að það geti líka verið þínulítið gott að geta lesið Moggann á morgnana án þess að þurfa að vera í boxhönskum með eða á móti aldna ritstjóranum og konunni í bleika dressinu. Og svo að geta látið gamminn geysa í heitu pottunum um menn og málefni án þess að vera endilega stimplaður sem liðsmaður í einhverjum liðssafnaði, með eða á móti einhverjum sakborningum, með eða á móti löggunni, með eða á móti börnum eða hvað það nú er sem lögmenntur eru samkenndir við á hverjum tíma. Eða eru það kannski þeir sjálfir, lögmenntirnir, sem eru að gleyma fjarlægðinni, og gleyma því að samkenna sig ekki málstaðnum????

Þá er nú smæðin betri og með góðri fríðsemd og yfirvegum hægt að skreppa og fá sér kjötbollur í brúnni og sultutau í kvöldmatinn hjá múttert gömlu!

Morgunverðarfundur LMFÍ:

Hagsmunaárekstrar á 21. öldinni – ný áskorun fyrir lögmannastéttina



Fimmtudaginn 20. október stóð Lögmannafélag Íslands fyrir morgunverðarfundum með dr. Jur. Mads Bryde Andersen prófessor við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla um hagsmunaárekstra í lögmennsku.



SPARISJÓÐURINN

LÖGMENN HÖFÐABAKKA

HÖFÐABAKKI 9 · 6. HÆÐ · 110 REYKJAVÍK · Sími 587 1285 · FAX 587 1247 · logmenn@justice.is · <http://www.justice.is>



Þorsteinn Einarsson, hrl.

Hugleiðingar um dóm Hæstaréttar í málinu nr. 148/2005

ÞANN 20. október 2005 var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í málinu nr. 148/2005. Þar staðfesti meirihluti Hæstaréttar dóm Héraðsdóms Reykjanes um að ákærði skuli sæta fangelsi í tvö ár og sex mánuði fyrir kynferðisbrot gegn fósturdóttur sinni. Dómur þessi hefur með réttu vakið athygli enda byggir dómur meirihluta Hæstaréttar um sök ákærða, vegna brota samkvæmt 2. lið ákæru, alfarið á framburði brotaþola. Við lestur dóms Hæstaréttar verður sú spurning áleitinn hvort Hæstiréttur hafi slakað á sönnunarkröfum í málum er varða ætluð kynferðisbrot gegn börnum og hvort framvegis muni nægja til sakfellingar í málum að því tagi að framburður meints brotaþola teljist að mati Hæstaréttar trúverðugri en framburður þess sem borinn er sökum um kynferðisbrot. Ekki skal fullyrt um fordæmisgildi dómsins um sönnunarbyrði almennt í málum af þessu tagi en hitt er ljóst að í máli því sem um ræðir snéri Hæstiréttur í raun sönnunarbyrði við og lagði á þann sem borinn

var sökum að hnekkja framburði brotaþola um ætlað brot hans. Dómurinn er athyglisverður í ljósi þess að lögum, sem mæla fyrir um að ákærvaldið beri sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atvik sem telja megi honum í óhag, hefur ekki verið breytt. Verður helst sú ályktun dregin að Hæstiréttur hafi með dómi sínum sett nýja reglu um sönnunarbyrði í málum af þessu tagi og þá vaknar sú spurning hvort Hæstiréttur hafi heimild til að setja slíka reglu.

Með dómi Hæstaréttar var ákærði dæmdur fyrir kynferðisbrot samkvæmt 2. og 3. lið í ákæru, en sýknaður af 1. lið í ákæru sökum fyrningar. Sakfelling ákærða vegna brota samkvæmt 3. lið ákæru byggði m.a. á viðurkenningu hans á þeim brotum fyrir lögreglu. Dómur héraðsdóms um sakfellingu ákærða, vegna brota samkvæmt 2. lið ákæru, sem meirihluti Hæstaréttar staðfesti með vísan til forsendna, byggði hins vegar á framburði brotaþola, sem að héraðsdómur taldi einkennast af varfærni og vera trúverð-

ugan, án þess þó að rökstyðja með fullnægjandi hætti á hverju sú ályktun byggði og að hvaða leyti framburður brotaþola var trúverðugri en framburður ákærða. Héraðsdómur vísar til þess í forsendum sínum að vitnisburður sálfræðings, sem gaf skýrslu fyrir dómi, styðji þá frásögn brotaþola að hún hafi sætt kynferðislegri misnotkun frá unga aldri. Þá vísar héraðsdómur til þess í forsendum sínum að þrjú vitni hafi borið fyrir dómi að brotaþoli hafi áður greint þeim frá því að ákærði hafi misnotað hana kynferðislega, án þess þó að hafa lýst því fyrir vitnunum í hverju hin kynferðislega misnotkun hafi verið fölginn. Segir eftirfarandi í forsendum héraðsdóms „*Breyta framangreind atriði þannig ekki því mati dómsins að A hafi í skýrslu sinni fyrir dómi gefið trúverðuga lýsingu á því að ákærði hafi brotið gegn henni og ekkert sé komið fram sem hnekkir framburði hennar í einstökum atriðum. Í heild þykir framburður A fyrir dómi vera trúverðugur.*” Það er athyglisvert að héraðsdómur fjallar aðeins um og

leggur mat á trúverðugleika fram-
burðar brotaþola en fjallar ekki í for-
sendum sínum um trúverðugleika
framburðar ákærða, sem alla tíð neit-
aði sök samkvæmt ákæruliðum 1 og 2.
Það skortir því rökstuðning í héraðs-
dómi fyrir þeirri ályktun dómsins að
telja framburð brotaþola trúverðugan
en framburð ákærða ótrúverðugan.
Héraðsdómur byggir sakfellingu á því
að framburður brotaþola hafi verið

trúverðugur og að ákærði hafi
ekki hnekkst þeim fram-
burði, þrátt fyrir að
ákærði hafi
neitað sök. Með
þeirri aðferða-
fræði snéri
héraðsdómur
sönnunarbyrð-
inni við og
lagði á ákærða
að hnekkja
framburði brota-
þola, en þó með
öðrum hætti en eigin
framburði. Ákærða var

það ómögulegt, enda vandséð
með hvaða hætti öðrum en eigin fram-
burði hann gat borið af sér sakir. Þá
virðist sem að héraðsdómur hafi talið
þýðingu hafa við úrlausn málsins að
ákærði gat ekki gefið skýringu á þeim
þungu sökum sem hann var borinn.
Héraðsdómur komst að þeirri niður-
stöðu þegar virtur var framburður
brotaþola, framburður vitna um að
brotaþoli hafi greint þeim frá að
ákærði hafi misnotað hana, fram-
burður sálfræðings um að brotaþoli
bæri þessi einkenni að hafa sætt kyn-
ferðislegri misnotkun og að ákærði
hafi ekki hnekkst framburði brotaþola,
að ekki væri „varhugavert að telja nægi-
lega sannað, sbr. 45. og 46. gr. laga nr.
19/1991 um meðferð opinberra mála”
að ákærði hafi gerst sekur um þau kyn-
ferðisbrot samkvæmt liðum 1 og 2 í
ákæru. Ég tel ályktun dómsins vera
órökrétta og tel að ályktun dómsins sé
mjög varhugaverð og ekki í samræmi
við 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar,
sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaganna nr.
97/1995, 2. mgr. 6. gr. mannréttinda-
sáttmála Evrópu, sem veitt var laga-

gildi með lögum nr. 62/1994, og 45.
gr. laga um meðferð opinberra mála.
Með því að fara þá leið sem Hæsti-
réttur fór, að leggja þá byrði á ákærða
að sanna að hann hafi ekki framið
ætluð brot, má færa gild rök fyrir að
brotið hafi verið gegn réttindum
ákærða sem mælt er fyrir um í stjórn-
arskrá, mannréttindasáttmála Evrópu
og lögum um meðferð opinberra
mála. Þá tel ég dóm meirihluta



Hæstaréttar vera í and-
stöðu við fyrri
dóma Hæsta-
réttar í málum
af þessu tagi.
Má nefna
dóm
Hæstaréttar
í málinu nr.
286/1999,
svo kölluðu
prófessors-
máli, en sönn-
unarstaða í því
máli var sambæri-
leg þeirri sem var í
máli því sem hér er um
fjallað. Í því máli sýknaði meirihluti
Hæstaréttar ákærða og segir eftirfar-
andi í forsendum þess dóms: „Það
leiðir þó ekki til þess, að slakað verði á
kröfum um sönnunarbyrði og sönnunar-
skyldu ákæruvaldsins í málinu sam-
kvæmt 45. gr. laga nr. 19/1991, enda
standa því í gegn 2. mgr. 70. gr. stjórn-
arskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944,
sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaganna nr.
97/1995, og 2. mgr. 6. gr. mannrétt-
indasáttmála Evrópu, sem veitt var
lagagildi með lögum nr. 62/1994.” Er
gagnrýniverð að meirihluti Hæstiréttar
skyldi í máli nr. 148/2005 víkja frá
fyrirgreindri grundvallarreglu um
mannréttindi ákærða.

Samkvæmt lögum gilda sömu
reglur um sönnunarfærslu í öllum teg-
undum sakamála og er því ekki heim-
ilt að slaka á sönnunarkröfum eða
snúa sönnunarbyrði við, enda þótt
sönnunarfærsla sé erfið í sumum mála-
flokkum. Það skal því beita sömu
reglu um sönnunarfærslu hvort sem
um ætluð kynferðisbrot er að ræða eða
t.d. ætluð þjófnaðarbrot. Ég held að

engum dytti t.d. í hug að refsna manni
fyrir þjófnað ef ásökun um slíkt brot
byggði aðeins að framburði þess sem
fyrir varð enda þótt vitni bæru fyrir
dómi að sá sem fyrir ætluðu broti varð
hafi greint þeim frá því að sökunautur
hafi framið ætlað brot. Það mætti
nefna marga dóma Hæstaréttar, þar
sem fjallað er um ákæru fyrir brot er
almennt þykja léttvæg í samburði
við kynferðisbrot, þar sem fyrirgreindri
grundvallarreglu um sönnunarbyrði
ákæruvalds er beitt fullum fetum, og
ekki talið nægja til sakfellingar fram-
burður kæranda gegn framburði
ákærða.

Eins og kunnugt er hefur umræða
verið í þjóðfélaginu um hvort herða
beri viðurlög við kynferðisbrotum,
einkum við brotum gegn börnum, og
hafa sumir gengið svo langt að leggja
til að sönnunarbyrði verði snúð við í
slíkum málum. Þá er mörgum í fersku
minni sú mikla og harða gagnrýni á
dóm Hæstaréttar í svokölluðu prófess-
orsmáli, sem vísað var til hér á undan.
Í ljósi þeirrar gagnrýni er umhugsun-
arefni hvort sú umræða hafi einhver
áhrif haft er meirihluti Hæstaréttar
staðfesti dóm héraðsdóms í fyrir-
greindu máli.

Í fyrirgreindu Hæstaréttarmáli skil-
aði einn dómari sératkvæði og taldi að
sýkna bæri ákærða af 1. og 2. lið
ákæru með þeim rökum að sakfelling í
refsimáli verði ekki eingöngu reist á
framburði kæranda gegn neitun
ákærða. Sératkvæðið er vel rökstutt og
tel ég rökstuðning dómarans vera í
fullu samræmi við gildandi lagaákvæði
um sönnunarfærslu í sakamálum.

Í upphaf þessa pistils setti ég fram
þá spurningu hvort Hæstiréttur hafi
með dómi sínum sett nýja reglu um
sönnunarfærslu í málum af þessu tagi
og jafnframt hvort dómstólar hafi að
lögum heimild til að setja slíka reglu.
Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrár lýðveld-
isins Íslands nr. 33/1944 fara dóm-
endur með dómsvaldið og Alþingi og
Forseti Íslands saman með löggjafar-
valdið. Dómstólum er því ekki heimilt
að afnema eða breyta ákvæðum laga og
stjórnarskrár er mæla fyrir um grund-
vallarmannréttindi.



Þórður Bogason hdl.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar

FORSETI ÍSLANDS braut blað í stjórnskipun ríkisins hinn 2. júní 2004 með því að synja lagafrumvarpi samþykktu af Alþingi staðfestingar með vísan til heimildar í 26. gr. stjórnarskrárinnar. Áður en kom til þess að synjunarvaldi eða málskotsrétti forseta var beitt höfðu fræðimenn á sviði stjórnskipunarréttar fjallað takmarkað um efnið. Aðallega höfðu Sigurður Líndal og Þór Vilhjásson tekið málið til skoðunar áður en höfundur þessa pistils blandaði sér í þá umræðu með grein sem birtist í afmælisriti til heiðurs Gunnari G. Schram sjötugum, sem kom út árið 2002. Í niðurlagi þeirrar greinar leiddi höfundur rök að því að kæmi til beitingar 26. gr. stjórnarskrárinnar mundi leiða af því stjórnskipulegt klúður. Það kom svo á daginn en sú saga verður ekki rakin sérstaklega hér.

Í kjölfar þessarar ákvörðunar forsetans varð ljóst að endurskoðun á lýðveldisstjórnarskránni væri óumflýjanleg, sem hefur hvað ákveðna þætti varðar verið skotið á frest í 60 ár, meðal annars um stöðu forsetans. Pólitísk samstaða ríkir um að ráðast í endurskoðun stjórnarskrárinnar og eins og flestum er kunnugt skipaði forsætisráðherra í byrjun þessa árs nefnd

nú manna, eftir tilnefningu allra stjórnsmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, til að vinna að endurskoðuninni. Á hún sérstaklega að beinast að æðsta stjórnskipulagi ríkisins, skipan framkvæmdavaldsins og skipan dómvaldsins (I., II. og V. kafla stjórnarskrárinnar), eins og fram kemur í fréttatilkynningu forsætisráðuneytisins frá 4. janúar 2005. Jafnframt var skipuð nefnd fjögurra sérfræðinga á sviði stjórnskipunarréttar og stjórnsmálafræði til að starfa með nefndinni. Þessu til viðbótar starfar lögfræðingur forsætisráðuneytisins með nefndinni.

Af þessu merka tilefni eru þessar hugleiðingar settar á blað, ekki síst til að hvetja lögmenntil að sýna þessu mikilvæga máli athygli og láta það til sín taka. Reyndar þurfa margir kollugar engrar hvatningar við í því efni og hafa eflaust nokkrir tekið þátt í þeim ráðstefnum sem þegar hafa verið haldnar að tilstuðlan stjórnarskrárnefndarinnar til að örva umræðu um þau álítaefni sem uppi eru og skýra þau. Fyrir þá sem ekki vita heldur nefndin úti heimasíðunni www.stjornarskra.is þar sem fram koma gagnlegar upplýsingar, m.a. fundargerðir nefndarinnar. Ljóst er að stjórn-

arskrárnefndin og sérfræðinganefndin eru að víða að sér miklu efni um stjórnskipun þeirra lýðræðisríkja sem við viljum bera okkur saman við. Þá er hafin umræða um einstaka efnisþætti innan nefndarinnar. Af síðustu fundargerðum má ráða að nefndin vinni nú að áfangaskýrslu sem áætlað var að kæmi út nú í haust. Mikilvægt er að slík áfangaskýrsla fái góða efnisumfjöllun í þjóðfélaginu og gæti Lögmannafélagið til dæmis tekið hana til umfjöllunar á sínum vettvangi.

Skipunarbréf stjórnarskrárnefndarinnar gerir ráð fyrir því að hún skili tillögum sínum í ársbyrjun 2007 en þá eru einvörðungu nokkrir mánuðir til næstu Alþingiskosninga, sem verða í maí það ár. Ef einhugur ríkir meðal nefndarmanna um niðurstöðu ætti sá tími að nægja til kynningar og umræðu í þjóðfélaginu og á Alþingi. Hann er hins vegar mjög knappur ef nefndin er ósammála um veigamikila þætti stjórnskipunarinnar. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að boðuð áfangaskýrsla komi fram sem fyrst. Hún þarf að geyma umfjöllun á helstu álítaefnum sem fjallað er um í nefndinni og hvaða sjónarmið eru uppi um útfærslu þeirra.

Þegar höfundur þessa pistils fór að skoða skrif Sigurðar Líndal og Þórs Vilhjálmssonar og kynna sér aðdraganda setningar lýðveldisstjórnarskrárinnar komst hann fljótt að því að stjórnarskrárgjafinn hafði aldrei lokið verki sínu hvað varðar stöðu forseta Íslands. Átti þetta sérstaklega við um svonefnt synjunarvald forseta og að því beindist áhugi höfundar. Taldi höfundur í raun þannig gengið um hnúta-ana að þetta stjórnarskrár-ákvæði stæðist engan veg- inn þær kröfur sem gera verður til þessarar ædstu réttarheimildar ríkisins með tilliti til réttaröryggis borgaranna. Ef grundvallarreglur þjóðfélagsins eru ekki skýrar og beiting þeirra vafalaus kann það að leiða til þjóðfélagsólgu eins og mörg dæmi eru til um erlendis frá. Til að forðast mis- skilning þá snýr sú umfjöllun ekki um hvort málsskotsréttur þjóðhöfðingja skuli vera fyrir hendi eða ekki heldur að því hversu óljós og mótsagnakennd heimildin er og svarar í raun engum spurningum sem af beitingu hennar leiða annarri en þeirri að ótakmarkaður synjunar- réttur er fyrir hendi, einvörðungu háður frjálsi mati þjóðhöfðingjans á hverjum tíma. Beiting á jafn mikil- vægu ákvæði og hér er um að ræða á ekki að vekja upp deilur um stjórn- skipunina. Pólítískar deilur nægja í því sambandi.



Þór Vilhjálmsson setti fram af- dráttarlausu skýringu á ákvæðum greinarinnar þess efnis að forseti Íslands hefði ekki persónulegt eða sjálf- stætt vald til að synja lagafrumvörpum sem Alþingi hefur samþykkt staðfest- ingar. Það byggði hann meðal annars á því að rökrétt samhengi fengist ekki í reglur stjórnarskrárinnar um lagasetn- ingu nema byggt sé á almennum reglum um frumkvæði og meðundir- ritun ráðherra og ráðherraábyrgð. Höf- undur taldi kostinn við kenningu Þórs

vera þann að hún gaf svar sem var í rök- réttu samhengi við önnur ákvæði stjórnarskrárinnar. Hann tók undir skoðanir Þórs og hnýtti við þær að afleiðing þingræðis, eins og það er útfært í íslenskri stjórnskipun, væri sú að synjunarvald þjóðhöfðingjans væri eingöngu formlegt. Horft var á málið frá sjónarhóli Alþingis, sem er sam- koma þjóðkjörinna fulltrúa sem fer með veigamesta þátt ríkisvaldsins, er valdamesta stofnun þjóðar- innar og meginstoð stjórn- skipunarinnar. Þessi staða breyttist ekki við lýðveldisstofnunina.

Framangreindar niðurstöður Þórs og höfundar þessa pistils heyra nú réttar- sögunni til. Hins vegar á efni og umfjöllun greinar höf- undar fullt erindi á meðan endurskoðun 26. gr. stjórnarskrár- innar er á dagskrá þótt niðurstöðunni hafi verið hafnað í framkvæmd. Í þessu sam- bandi er góð vísa aldrei of oft kveðinn og því eru hér settir fram nokkrir umræðupunkturar er varða 26. gr. stjórnarskrárinnar:

- **Synjunarvald forseta á rætur sínar að rekja til synjunarvalds konunga.** Á 19. öld fór að losna um tök ein- valda og völdin að færast til þing- anna, þar sem fulltrúar fólksins áttu sæti. Um þetta segir Benedikt Gröndal í grein sem birtist árið 1980 í 2. tölubl. Málþings, tímariti handa jafnaðarmönnum um þjóð- félags- og menningarmál: „Ekki er ástæða til að forseti hafi neitundar- vald varðandi lög, það er arfur frá gömlum kóngatímum. Hví skyldi einn þjóðkjörinn maður stöðva það sem meiri hluti 60 þjóðkjörinna manna ákveður?“ Þetta er umhugs- unarvert nú í upphafi 21. aldar- innar, þegar meira en 60 ár eru liðin frá því að þjóðin kaus að leggja niður konungsdæmi og stofna lýðveldi.

- **Synjunarvald forseta er í mótsögn við tignarstöðu hans sem þjóðhöfðingja.** Við stofnun lýðveldis var í máli margra þingmanna lögð áhersla á tignarstöðu þjóðhöfð- ingjans og að hann ætti að vera haf- inn yfir stjórn málaerjur og dægur- þras. Björn Þórðarson forsætisráð- herra lagði fram á Alþingi tillögu um að forseti hefði frestandi synjunarvald. Í umræðum um hana benti Eysteinn Jónsson meðal ann- ars á að einungis væri um tvær leiðir að fara með starfs svið forseta. Önnur væri sú að forseti sé stjórn- málaleiðtogi, hin að forseti sé þjóð- höfðingi. Sagði Eysteinn að ef menn vildu hafa forseta stjórn mála- leiðtoga, þyrfti hann að hafa ekki aðeins stöðvunarvald, heldur einnig talsvert annað og meira vald. Hann þyrfti að hafa jákvætt vald að mati Eysteins. Ef forseti beitir synjunar- valdi gengur hann gegn ákvörðun meiri hluta Alþingis. Slík ákvörðun er pólítísk í eðli sínu og til þess fall- inn að skapa deilur í þjóðfélaginu. Þótt staða þjóðhöfðingja sé alltaf í eðli sínu pólítísk virðast Íslendingar hingað til ekki hafa látið hefð- bundna flokkapólítík ráða vali sínu á forseta.

- **Er synjunarvald forseta ósam- rýmanlegt þingræðisreglunni?** Fyrir forsetakosningarnar 1968 fjallaði Bjarni Benediktsson í viðtali um 26. gr. stjórnarskrárinnar. Efnis- lega benti Bjarni á að beiting greinarinnar gengi í raun gegn þingræðisreglunni. Inntak þing- ræðisreglunnar er að Alþingi ákveð- ur hverjir fara með framkvæmda- valdið með setu í ríkisstjórn. Alþingi sækir pólítísk umboð sitt til þjóðarinnar eigi sjaldnar en á fjög- urra ára fresti. Ef Alþingi samþykkir vantrausttillögu á ríkisstjórn ber henni að fara frá. Miðað við núgild- andi stjórnskipun gæti forseti t.d. ákveðið að staðfesta ekki umdeilt skattalagafrumvarp sem að öllum líkindum yrði fellt í þjóðaratkvæða- greiðslu þar sem um væri að ræða óvinsæla en um leið nauðsynlega ráðstöfun að mati ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis. Væri ekki í raun um vantraustyfirlýsingu for- seta að ræða? Getur forseti beitt synjunarvaldi þegar skoðanakann-

anir sýna að minni hluti á Alþingi mundi hljóta meirihluta atkvæða væri gengið þegar til kosninga? Þótt mörgum kunni að finnast þessi dæmi fjarstæðukennd verður að búa svo um hnútana, verði synjunarvald þjóðhöfðinga til frambúðar hluti af íslenski stjórnskipan, að skýrar reglur gildi um beitingu þess.

- **Almenn heimild um þjóðaratkvæðagreiðslur er ekki í stjórnarskrá.** Í greinargerð með 26. gr. stjórnarskrárinnar segir að ekki hafi þótt fært að veita forseta algjört synjunarvald, eins og konungur hefði haft, heldur væri honum einungis fenginn réttur til að skjóta lagafrumvörpum Alþingis undir alþjóðaratkvæði. Hér er bein skírskotun til synjunarvaldsins sem felur í sér andstöðu eða ágreining, þ.e.a.s. konungur gat beitt því væri hann mótfallinn lagasetningu, sem annar handhafa löggjafarvaldsins. Sama rétt hefur forseti með breyttu sniði. Það má ekki heimfæra þetta vald undir nútíma hugmyndir um beint lýðræði og aukna þátttöku almennings í ákvörðunum. Hér verður að minna á að í 60 ár var heimildin ónotuð. Ef hún yrði talin ígildi almennrar heimildar um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu má telja líklegt að forseti Íslands hefði beitt ákvæðinu fyrr en raun bar vitni. Í íslensku stjórnarskránni er ekkert almennt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Í dönsku stjórnarskránni eru hins vegar ákvæði um rétt 1/3 hluta þingmanna til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin mál efni og jafnframt ber að leggja löggjafarmálefni er varða aðild Danmerkur að alþjóðastofnunum, sem fara með yfirþjóðlegt vald, í ákveðnum tilvikum undir þjóðaratkvæði. Þessi heimild kom inn í dönsku stjórnarskrána árið 1953, þegar deildir þingsins voru lagðar niður og þá sem mótvægi við því að Folketinget starfar síðan þá í einni

málstofu. Hér hefði hugsanlega átt að huga að slíku ákvæði þegar stjórnarskránni var breytt 1991 og ákveðið að Alþingi skyldi starfa í einni málstofu. Ýmsir málaflokkar, t.d. margir er varða fjárfstjórn ríkisins, eru undanþegnir í hinni almennu heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku. Þannig er viðurkennt að ekki sé í öllum tilvikum unnt að skjóta málum til þjóðaratkvæðis. Í þeim tilvikum verða hinir þjóðkjörnu fulltrúar að leysa málin upp á eigin spýtur. Ef tekið er upp almennt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur þarf að skilgreina á sama hátt í stjórnarskrá hvaða málaflokkar eru tækir til þjóðaratkvæðagreiðslu. Einnig þyrfti um leið að afgreiða almenn lög um hvernig standa beri að þjóðaratkvæðagreiðslum.

- **Endurskoðun á stöðu forseta Íslands.** Áhrif þingræðisreglunnar, í það minnsta þegar um er að ræða meirihluta stjórnir eins og tíðkast hér, eru þau að meðferð framkvæmdarvalds og löggjafarvalds samþættast að ákveðnu marki, þ.e.a.s. meiri hluti Alþingis styður ríkisstjórnina og veitir málum hennar brautargengi. Ljóst er að fjölmargir telja í ljósi fjölmiðlamálsins svonefnda, sem leiddi til synjunar forsetans á staðfestingu laga, að nauðsynlegt sé að handhöfn forseta á löggjafarvaldi sé virk og lýsi sér sem einskonar öryggisventill gegn meiri hluta Alþingis á hverjum tíma. Sem sjónarmið de lege ferenda má telja e.t.v. heppilegra að sett sé í stjórnarskrá almennt ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur, sem ákveðinn hluti Alþingis geti virkjað eða þá ákveðinn hluti þjóðarinnar frekar en að forseti fari með löggjafarvald. Með því móti verður komist hjá því að endurskilgreina stöðu forseta Íslands sem í 60 ár hefur verið sameiningartákn þjóðarinnar. Það kallar heldur ekki á endurskoðun á þingræðisreglunni

eða hlutverki forseta Íslands við stjórnarmyndanir en telja verður útilokað að stjórnarskrárnefndin geti á þeim stutta tíma sem hún hefur til umræða gert slíkar grundvallarbreytingar á stjórnskipuninni. Ef hins vegar verður talið æskilegt og óumflýjanlegt að forseti fari áfram með löggjafarvald og það vald verði efnislegt, eins og nú er, en ekki formlegt eins og í konungsríkinu Danmörku, þaðan sem við sækjum fyrirmynd að okkar stjórnarskipun í stórum dráttum, þá kallar það á breytingar á stjórnskipuninni þannig að reglur um meðferð þessa valds séu skýrar, t.d. hver afleiðing af beitingu þess sé fyrir Alþingi og forsetann. Slíkt er nauðsynlegt til að kjósendur geti myndað sér skoðun á frambjóðendum við forsetakjör þar sem pólitískar skoðanir þeirra munu þá hugsanlega skipta kjósendur meira máli en verið hefur hingað til.

Einungis eitt og hálf ár er til stefna við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það er skylda lögmanna, sem og annarra lögfræðinga, að láta þetta mál sig varða. Það er ekki tilgangur þessa pistils að leggja dóm á hvaða leið er heppilegust að því er varðar innbyrðis stöðu æðstu handhafa valds á Íslandi heldur fyrst og fremst að viðra þá skoðun höfundar að reglur um hana verði að vera eins skýrar og kostur er. Það hlýtur að vera umhusunarefni hvort fyrirhugð stjórnarskrárbreyting felist í endurskoðun á núverandi stjórnskipan eða róttækum breytingum, eins og t.d. afnámi þingræðisreglunnar. Um leið má spyrja hver verði kostnaður þjóðfélagsins af breytingum á stjórnarskránni. Fagleg umfjöllun um málið er mjög mikilvæg og hún getur átt sér stað í aðdraganda breytinga en reynslan sýnir að oft á hún erfiðara uppdráttar þegar mál eru orðin að pólitískum þrættueplum. Núna er því tækifærið og ekki má bíða með umræðuna.

Breytingar á félagatali

Ný málflytningaréttindi fyrir Hæstarétti Íslands:

Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.

Lögmenn Skólavörðustíg 12
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Sími: 562-1018
Fax: 562-9666

Óttar Pálsson hrl.

Logos lögmennspjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Ný málflytningaréttindi fyrir Héraðsdómi:

Dagmar Arnardóttir hdl.

Lögreglan í Reykjavík
Hverfisgötu 113-115
101 Reykjavík
Sími: 444-1000
Fax: 444-1040

Nýr vinnustaður:

Jón Elvar Guðmundsson hdl.

Taxis lögmenn sf.
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 555-6000
Fax: 555-6045

Benedikt Ólafsson hdl.

Mandat lögmennsstofa
Ránargötu 18
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-4004

Margrét Gunnarsdóttir hdl.

Kaupþing banki hf
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6197
Fax: 444-6189

Árni Ármann Árnason hdl.

Skúlagötu 30
101 Reykjavík
Sími: 551-1348
Fax: 561-4450

Guðmundur J. Oddsson hdl.

Logos sf
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Erlendur Þór Gunnarsson hdl.

Lögmenn við Austurvöll
Pósthússtræti 13
101 Reykjavík
Sími: 495-4545
Fax: 495-4550

Nýtt aðsetur:

Sigurður Sveinsson hdl.

Sigtúni 2
800 Selfoss
Sími: 482-4000
Fax: 482 4004

Sveinn Guðmundsson hdl.

Juralis-lögmennsstofa
Borgartúni 20
105 Reykjavík
Sími: 553-5858
Fax: 533-5859

Sigurður G. Guðjónsson hrl.

Suðurlandsbraut 4, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 520-0900
Fax: 520-0909

Ástráður Haraldsson hrl.

Mandat lögmennsstofa
Ránargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-1195

Bergþóra Ingólfssdóttir hdl.

Mandat lögmennsstofa
Ránargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-1195

Björn L. Bergsson hrl.

Mandat lögmennsstofa
Ránargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-1195

Eva Bryndís Helgadóttir hdl.

Mandat lögmennsstofa
Ránargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-1195

Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.

Mandat lögmennsstofa
Ránargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-1195

Sif Konráðsdóttir hrl.

Mandat lögmennsstofa
Ránargötu 11
101 Reykjavík
Sími: 511-1190
Fax: 511-1195

Þórdís Bjarnadóttir hdl.

Lögmennsstofa
Þórdísar Bjarnadóttur hdl.
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfjörður
Sími: 555-7720
Fax: 555-7722



Eyrún Ingadóttir

Fréttir frá félagsdeild

Starfsemi félagsdeildar LMFÍ er sem fyrr bundin við námskeiðahald félagsins og Lögmannablaðið sem er óvenju glæsilegt í þetta sinn í tilefni áratugar útgáfu. Það fer að hljóma eins og gömul tugga að segja að þátttaka í námskeiðum hafi verið mikil og góð en það er staðreynd að lögmenn eru sérstaklega virkir í endur- og símenntun. Um 250 manns sækja námskeið félagsins árlega en reynt er að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sömuleiðis að hafa námskeið sem höfða til ritara lögmanna. Á öðrum stað í blaðinu eru myndir frá heimsókn 40 ritara til Héraðsdóms Reykjavíkur og Sýslumannsins í Reykjavík þar sem endað var á kynningu á LMFÍ sem heppnaðist afar vel.

Á hverju ári taka um þrjátíu manns að sér kennslu á námskeiðum félagsins og flestir eru lögmenn þótt það sé að sjálfsgöðu ekki skilyrði. Félagið hefur það markmið að fá helstu sérfræðinga á hverju sviði til að halda námskeið og veita fyrst og fremst góða þjónustu fyrir félagsmenn sína. Námskeiðsgjöldum er stillt í hóf og námskeið haldin ef þau standa undir sér. Með þetta að leiðarljósi hefur aðsókn námskeiðanna verið svo góð sem raun ber vitni en því er einnig tekið fagnandi ef félagsmenn koma með óskir um ákveðin námskeið.

Bókasafn LMFÍ

Enn er verið að skrá inn þann bóka-kost sem kom frá bókasafni Auðar Auðuns, sem sagt var frá í síðasta blaði, en að auki hafa bæst við bækur frá Ólafi Walter Stefánssyni. Hann færði félaginu bækur sem gefnar hafa verið út í tilefni Norrænu lögfræðinga-



þinganna. Félagið færir honum bestu þakkir fyrir gjöfina. Ekki ber á öðru en að lögmenn séu ánægðir með þær breytingar sem gerðar voru á skráningu safnsins, þ.e. að það sé nú kominn undir www.gegnir.is eins og önnur bókasöfn. Með þessum sameiginlega grunni geta lögmenn leitað á einum stað að upplýsingum um bækur og fengið upp hvort þær séu til hjá LMFÍ, í Þjóðarbókhöðu, HÍ, HR og jafnvel annars staðar á landinu.

Af skikkjum og skápum

Eins og flestum lögmönnum mun vera kunnugt um hafði LMFÍ milli-göngu um að láta sauma nýjar skikkjur á lögmenn. Saumastofan Eðalklæði tók að sér saumaskapinn en rúmlega 50 lögmenn hafa nýtt sér tilboðið. Ef



svo ólíklega vill til að einhver hefur látið þetta tækifæri ganga sér úr greipum þá verður hægt að pantast á ný eftir áramót. Félagið lét einnig setja upp skápa í húsakynnum Héraðsdóms Reykjavíkur sem lögmenn hafa tekið á leigu.

Félagsdeild óskar lesendum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Meistaránám í lögfræði

VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



- Rannsóknartengt meistaránám til ML-gráðu
- Reiknað er með að námið taki tvö ár
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaránáminu
- Markmið námsins er að þjálfa og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða
- Gefinn verður kostur á að ljúka meistaránámi á alþjóðasviði

Nánari upplýsingar veitir Jóna K. Kristinsdóttir,
skrifstofustjóri lagadeildar
í síma 599 6407 eða jonak@ru.is

Hægt er að nálgast upplýsingar um meistaránámið í
kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík:
www.ru.is/lagadeild



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

VERKLAGSREGLUR VEGNA VANSKILA Á FJÁRVÖRSLUYFIRLÝSINGUM



Á FUNDI stjórnar Lögmannafélags Íslands þann 8. nóvember 2005, voru samþykktar eftirfarandi verklagsreglur í tengslum við vanskil fjárvörsluyfirlýsinga, en um er að ræða viðbrögð við þeim breytingum sem gerðar voru á lögmannalögum nr. 77/1998 með lögum nr. 93/2004:

„Hafi lögmaður ekki skilað fjárvörsluyfirlýsingu til félagsins í samræmi við ákvæði 2. mgr. 23. gr. lögmannalaga nr. 77/1998, sbr. 14. gr. laga nr. 93/2004, skal honum þegar í stað send ítrekun. Berist félaginu ekki fjárvörsluyfirlýsing innan 14 daga frá útsendingu ítrekunarbréfsins, skal hlutaðeigandi send lokaáðvörðun, þar sem honum er veittur 7 daga frestur til að skila inn fullnægjandi upplýsingum. Hafi umbeðnar upplýsingar ekki borist félaginu innan tilgreinds lokafrests, skal leggja til við dómsmálaráðherra að réttindi lögmannsins verði felld niður, sbr. ákvæði 4. mgr. 13. gr. lögmannalaga, sbr. 8. gr. laga nr. 93/2004.“

Lögmannafélag Íslands



Ingibjörg Bjarnardóttir hdl.

Sáttamiðlun í hnotskurn

Í ÞESSARI GREIN ætla ég að kynna svokallað skandinavískt módel í sáttamiðlun, eins og það er sett fram af dr.jur. Vibeke Vindelöv. Í bók hennar *Konfliktmægling Mediation Retismægling*¹ skilgreinir hún sáttamiðlun, setur fram kenningar og meginreglur sem hafa áhrif á sáttaferlið og niðurstöðu þess. Ennfremur ræðir hún um mikilvægi formfestu og sveigjanleika og setur fram sex þrep sáttamiðlunar. Grein þessi er lausleg þýðing á fimmta kafla bókarinnar og vona ég að áhugasamir lögmenn hafi not fyrir hana.

Skilgreining á sáttamiðlun

Sáttamiðlun er *aðferð* til lausnar ágreiningi, sem *aðilar taka sjálfviljugir þátt í* með hjálp eins eða fleiri *óháðra og hlutlausra sáttamanna*. *Aðilar* komast *sjálfir að samkomulagi* um lausn ágreiningis sem *þeir meta viðunandi* fyrir báða aðila í gegnum *skipulagt og mótað ferli*. *Sáttamaður á engan þátt í úrlausn málsins*.

Aðilar velja sjálfir að taka þátt í sáttumleitun óháðs sáttamanns, hvort þeir

vilji ljúka málinu með samkomulagi og hvers efnis það samkomulag á að vera. Það að aðilar taka sjálfviljugir þátt í sáttaferlinu felur í sér að þeir geta hvenær sem er, allt þar til samkomulag liggur fyrir, hætt þátttöku.

Sáttamiðlun fer fram í algjörum trúnaði. Með trúnaði er ekki einungis átt við þagnarskyldu sáttamanns um það sem fram kemur í sáttaferlinu, heldur einnig þagnarskyldu aðila og skuldbindingu þeirra að ræða ekki um ágreiningsefnið við utanaðkomandi, nema samkomulag sé um annað þeirra í milli. Andrúmsloft trúnaðar á að skapa trúnaðartraust milli aðila svo þeir geti rætt óheft um væntingar sínar og tilslakanir.

Sáttamaður skal vera óhlutrægur og koma fram við málsaðila af virðingu og jafnræði. Sáttamaður skal vera hlutlaus og málefnalegur og geta hindrað að hans eigin skoðanir hafi áhrif á lausn málsins og þannig tryggja að niðurstaða deiluaðila sé þeirra eigin.

Skilgreiningin kveður skýrt á um að aðilarnir sjálfir eigi að geta fundið lausn

á ágreiningsefni sínu eftir ákveðnu ferli með hjálp sáttamanns.

Viðunandi lausn ágreinings fyrir aðila er markmið sáttafærlisins. Í sáttaviðræðum þurfa allir aðilar að vera virkir og tilbúnir til að gefa eftir af upprunalegum kröfum sínum og markmiðum með hjálp sáttamanns. Með því skapast tækifæri og svigrúm fyrir aðila að gæta hagsmuna sinna og veita hver öðrum sama svigrúm svo að ásætlanleg lausn ágreinings náist. Engin sáttamiðlun er án viðræðna.

Sáttamiðlun er mótað ferli sem á að gefa aðilum möguleika á að gera hver öðrum grein fyrir kröfum sínum, sérindum, þörfum og væntingum og þannig skapa svigrúm fyrir einlægari og opnari viðræðum aðila en t.d. í dómsmáli.

Markmið sáttaviðræðna er samkomulag eða a.m.k. afmörkun ágreinings aðila. Til að tryggja það markmið er framvinda sáttamiðlunar mótað og skipulagt ferli, sem gefur aðilum möguleika á að flytjast fram og til baka milli skilgreindra þrepa sáttafærlisins. Það er í verkahring sáttamanns að sjá svo um jafnframt því að hafa yfirsýn yfir allt það sem fram hefur komið í viðræðum aðila og leiðbeina þeim af öryggi gegnum öll þrep sáttafærlisins.

Sáttamaður má ekki taka ákvörðun um lausn málsins eða eiga þátt í því þar sem þá er ekki um sáttamiðlun að ræða og ábyrgð á lausn málsins tekin frá aðilum.

Meginreglur:

Í skandinavíska módelinu setur dr.jur Vindelöv fram nokkrar meginreglur:

Trúnaðarreglan byggir á því að aðilar nái þeim árangri sem þeir telja rétta niðurstöðu án afskipta utanaðkomandi.

Afstæðisreglan vísar til þess að aðilar geti innan ramma viðtekinna siðfræðilegra norma fundið efnislegar lausnir sem þeim finnast réttar.

Sjálffræðisreglan leiðir af sér að aðilar geta hvenær sem er í sáttafærlinu hætt þátttöku sinni og leitað eftir úrlausn ágreiningsins með öðrum hætti, t.d. hjá dómstóli eða gerðardómi.



Ábyrgðarreglan hindrar ekki að aðilar njóti utanaðkomandi aðstoðar, t.d. frá lögmanni, en þeir geta ekki látið hann mæta fyrir sig á sáttafund því samningaviðræðurnar eiga að vera milli aðilanna sjálfra og samkomulag getur einungis orðið til fyrir tilstilli viðræðna aðila sjálfra í milli. Reglan á ekki við um lögpersónur.

Viðræðureglan leggur þá skyldu á aðila, sem mæta sjálfviljugir í sáttamiðlun, að gera grein fyrir persónulegum sjónarmiðum sínum um ágreiningsefnið, taka virkan þátt í samningaviðræðum og þannig stuðla að lausn ágreiningsins. Annað er jú ósamrýmanlegt sjálfviljugri þátttöku í sáttamiðlun, sjálfraðið felur í sér ábyrgð og skyldu til virkni.

Framangreind skilgreining á sáttamiðlun byggir á því grundvallar verðmætamati að virðing fyrir einstaklingnum og sjálfsákvörðunarrétti hans sé í fyrirrúmi. Því hefur réttlætiskennnd aðilanna afgerandi þýðingu við að endurheimta traust og virðingu milli deiluaðila.

Kenningar um sáttamiðlun

Kenningar um sáttamiðlun hvíla á mismunandi þáttum sem áhrif hafa bæði á samningafærlid og innihald þess.

Grundvallarkenningin er sú að ágreiningur er hvorki jákvætt né neikvætt fyrirbrigði heldur eðlilegur hluti af daglegum veruleika sem leiðir af mismunandi aðstæðum, afstöðu, reynsluheimi og viðhorfum fólks. Ágreiningur er í raun hreyfiafl sem leiðir til jákvæðrar þróunar þegar úrlausn ágreiningsins er farsæl og tekur mið af hagsmunum og þörfum beggja eða allra deiluaðila.

Deiluaðilar eru sérfræðingar um deiluefnið og hvað sé best fyrir þá og eru því best til þess fallnir að leysa ágreininginn. Sem sérfræðingar eigin lífs hafa þeir ótvíræða getu til að leysa málið út frá hagsmunum og þörfum beggja. Deiluaðilar hafa að öllu jöfnu vitneskju um þær forsendur, væntingar eða aðstæður sem lágu til grundvallar því sem ágreiningur er um.

Deiluaðilar þurfa að vilja taka þátt í sáttamiðlun og hafa trú á að mögulegt



sé að finna gagnkvæma og ásættanlega lausn ágreiningsins. Tjáskipti og viðræður eru æskilegar og nauðsynlegar við hvers konar ágreining, jafnframt því að vera tæki til lausnar. Við lausn ágreinings þarf að viðurkenna að veruleikinn geti verið margvíslegur og sannleikurinn ekki einhlítur.

Formfesta og sveigjanleiki.

Þótt reyndir sáttamenn geti oft viðhaft sveigjanleika milli hinna ákveðnu þátta og þrepa í ferlinu á sáttafundum er ekki vafi á því að sáttamiðlun er ákveðið formbundið ferli. Sáttamiðlun er ætíð innrömmuð með ákveðnum einkennum, upphafi ferilsins og lokum. Í ferlinu milli þeirra þátta fer fram könnun á reynslu aðila af ágreiningnum/deiluefninu, hvernig aðilar upplifa ágreininginn og þeim tilfinningum sem bundnar eru þeirri reynslu. Í því ferli skeður ákveðin afmörkun á því efnissviði sem sáttamiðlunin tekur til. Fyrst þá er hægt að fara að vinna með sjálfan ágreininginn og þær lausnir sem aðilar geta séð sem leið til lausnar og sátta.

Til frekari glöggvunar er gott að lýsa hverju einstöku þrepi sérstaklega, sem hinn reyndi sáttamaður geymir í

minni sínu og hefur stöðugt stuðning af ásamt innsæi sínu við þróun þeirrar aðferðar sem sáttamanninum hentar best.

Prep sáttamiðlunar eru:

1. þrep. Upphaf sáttamiðlunar. Sáttamaður tekur á mótum aðilum og býður þá velkomna á sáttafund. Sáttamaður kynnir aðilum vinnuferlið í sáttamiðlun og ræðir afmörkun á hlutverkum aðila og sáttamanns í því ferli.
2. þrep. Greinargerð aðila. Aðilar gera grein fyrir sinni hlið málsins. Eftirfarandi viðræður miðast við afmörkun sjónarmiða, afstöðu aðila, fá fram staðreyndir og tilfinningar, ekki síst hagsmuni og þarfir aðila.
3. þrep. Ágreiningur afmarkaður. Þeir þættir sem vert er að vinna áfram með eru afmarkaðir. Ef vill er ákveðið í hvaða röð taka á þættina til skoðunar.
4. þrep. Mögulegar lausnir settar fram. Á þessu stigi fer fram nokkurs konar „brain storming“. Reynt er að setja fram eins margar tillögur til lausnar og mögulegt er án þess að mat sé lagt á þær eða tekin afstaða til þeirra.

5. þrep. Unnið að samkomulagi. Samningaviðræður aðila á grundvelli þeirra tillagna og hugmynda sem aðilar hafa sett fram til lausnar.
6. þrep. Samkomulagsdrög skoðuð. Raunhæfi sannreynt og lausir endar hnýttir. Samkomulagið staðfest með undirskrift aðila.

Hér hefur í stuttu máli verið farið yfir ferli og hugmyndafræði sáttamiðlunar, svona til að gefa hugmynd um meginstöðir sáttaferlisins, en nánari og fyllri útlistun á innviðum og samspili forms og sáttamans verður að bíða betri tíma.

1 Vibeke Vindelöv, Jurist-og Ökonómforbundets Forlag 2004, bls. 96-100 og 262-264.

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Lögfræðistofa Kristjáns Stefánssonar hrl.

Austurstræti 10a
101 Reykjavík

Páll Skúlason hdl.

Hafnarstræti 18
101 Reykjavík

Lögfræðiskrifstofa Hauks Bjarnasonar hdl.

Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi

Lögfæðiskrifstofa Sigurðar Georgssonar hrl.

Hafnarstræti 20
101 Reykjavík

Forum Lögmenn

Aðalstræti 6 - 5.hæð
101 Reykjavík

Lögmannsstofa Róberts Árna

Hreiðarssonar hdl.

Hafnarstræti 20
101 Reykjavík

Lögfræðistofa

Guðmundar B. Ólafssonar hrl.

Barónsstíg 21
101 Reykjavík

Mandat, lögmannsstofa

Ránargötu 18
101 Reykjavík

Guðmundur Pétursson hrl.

Borgartúni 33
105 Reykjavík

Lögfræðistofa Þuríðar Halldórsdóttur hdl.

Hverfisgötu 105
101 Reykjavík

Agnar Gústafsson hrl.

Eiríksgötu 4
101 Reykjavík

LAG-Lögfræðiskrifstofa Atla Gíslasonar hrl.

Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

Kristinn Björnsson hdl.

Fjólugötu 1
101 Reykjavík

Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.

Laugavegi 7
101 Reykjavík

Lögmannsstofa Bergsteins Georgssonar hdl.

Garðastræti 6
101 Reykjavík

Þróstur Þórsson hdl.

Lokastíg 6
101 Reykjavík

Leges ehf.

Geirsgötu 9
101 Reykjavík

Lögmenn við Austurvöll

Pósthússtræti 13
101 Reykjavík

Gunnar I. Hafsteinsson hdl.

Hafnarhvoli/Tryggvagötu
101 Reykjavík

Jón Höskuldsson hdl.

Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Lögmenn Skólavörðustíg 12

Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Lögfræðistofa Jóhanns Baldurssonar ehf.

Skúlagötu 17
101 Reykjavík

Fasteignasala Atla Vagnssonar hdl.

Skúlagötu 30, 4.hæð
101 Reykjavík

Gunnar Helgason hrl.

Smáragötu 5
101 Reykjavík

Lögmennstofa Björgvins Þorsteinssonar hrl.

Tjarnargötu 4
101 Reykjavík

LOGOS lögmennspjónusta sf.

Efstaleiti 5
103 Reykjavík

Sigurður Sigurjónsson hrl.

Húsi Verslunarinnar Kringlunni 7
101 Reykjavík

Lögmennstofa Ingimars Ingimarssonar hdl.

Kringlunni 6, 6.hæð
103 Reykjavík

Lögmennstofa Ólafs Gústafssonar sf.

Kringlunni 7
103 Reykjavík

Löggarður ehf.

Kringlunni 7, 7. hæð
103 Reykjavík

Legis ehf. lögfræðistofa

Holtagörðum 10
104 Reykjavík

Jón Egilsson lögmennstofa

Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

Lex – Nestor ehf.

Sundagörðum 2
104 Reykjavík

Lögmennstofan Skipholtí sf.

Bólholtí 6
105 Reykjavík

Lögmenn Borgartúni 18 sf.

Borgartúni 18
105 Reykjavík

Lögmenn Borgartúni 33

– Einar G. Steingrímsson hrl.

Borgartúni 33
105 Reykjavík

GHP Lögmennstofa

Hátúni 6a
105 Reykjavík

Hrafnkell Ásgeirsson hrl.

Kleppsvögi 46
105 Reykjavík

Juralis – Lögmenn

Nóatúni 17
105 Reykjavík

Lögmennstofan Logik ehf.

Skipholtí 5
105 Reykjavík

Lögmennstofa Jóns G. Briem hrl.

Skipholtí 50b
105 Reykjavík

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Lögfræðistofan Lagalind ehf.

Skipholt 50c
105 Reykjavík

Landwell

Skógarhlíð 12
105 Reykjavík

Kollekta ehf.

Suðurlandsbraut 30, 5.hæð
105 Reykjavík

Steingrímur Eiríksson hrl.

Suðurlandsbraut 4
105 Reykjavík

Fides lögmennsstofa

Suðurlandsbraut 48
105 Reykjavík

Reinhold Kristjánsson hrl.

Suðurlandsbraut 48
105 Reykjavík

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Granaskjöldi 90
107 Reykjavík

Fasteignasalan Gimli ehf.

Grensásvegi 13
108 Reykjavík

LÁ lögfræðipjónusta ehf.

Grensásvegi 8
108 Reykjavík

JP Lögmenn ehf.

Lágmúla 5
108 Reykjavík

B & B lögmenn ehf.

Lágmúla 5
108 Reykjavík

Lagastoð ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Legalis Lögmennsstofa

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Lögmennsstofa Marteins Mátssonar ehf.

Lágmúla 7, 6. hæð
108 Reykjavík

Brynjar Nielsson hrl.

Lágmúla 7, 6.h.
108 Reykjavík

Mörkin lögmennsstofa hf.

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Lögmennsstofa Kristínar Briem hrl.

Skeifunni 11a
108 Reykjavík

Lögmennsstofa Steinunnar

Guðbjartsdóttur hrl.

Skeifunni 11a
108 Reykjavík

Lögmennsstofa Jóhannesar Ásgeirssonar hdl.

Skeifunni 11a
108 Reykjavík

Indriði Þorkelsson hdl.

Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

Lárus Rafn Blöndal hrl.

Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Fulltingi ehf. lögfræðipjónusta

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Guðmundur Ágústsson hdl.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Lára V. Júlíusdóttir hrl.

Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Lögborg ehf.

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

Juris – Lögfræðiskrifstofa

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Eignamiðlunin ehf.

Síðumúla 21
108 Reykjavík

Ólafur Thoroddsen hdl.

Síðumúla 33
108 Reykjavík

ACTA lögmannstofa ehf.

Síðumúla 35
108 Reykjavík

ERON ehf. Eignasalan

Vegmúla 2
108 Reykjavík

Grétar Haraldsson hrl.

Dynskógum 5
108 Reykjavík

Austursel ehf.

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Steingrímur Þormóðsson hrl.

Lögmenn Árbæ

Nethyl 2
110 Reykjavík

Deloitte hf.

Stórhöfða 23
110 Reykjavík

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.

Hlíðarhús 3
112 Reykjavík

Jón Ólafsson hrl.

Tjarnargötu 4
101 Reykjavík

Lög og réttur ehf.

Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi

Lögmannsstofa Ólafs Sigurgeirssonar hrl.

Austurströnd 3
170 Seltjarnarnesi

Gunnar Guðmundsson hdl.

Eiðistorgi 17
170 Seltjarnarnesi

Guðmundur Sigurðsson hrl.

Hrólfsskálavör 5
170 Seltjarnarnesi

Lögmannstofa

Sveinbjargar B. Sveinbjörnsdóttur hdl.

Hamraborg 20a
200 Kópavogi

Lögmannsstofa Loga Egilssonar ehf.

Hlíðasmára 8
201 Kópavogi

Tilkynning um stofnun SÁTT

PANN 22. nóvember s.l. hélt þverfaglegur hópur fagfólks, sem hefur áhuga á að vinna að tilkomu sáttamiðlunar hér á landi fund. Á fundinum var ákveðið að stofna félagið SÁTT. Stofnfélagar voru 20 manns. Tilgangur og markmið félagsins er að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem vilja stunda sáttamiðlun og afla sér menntunar á því sviði og stuðla að því að slík menntun bjóðist hér á landi.

Dagskrá fundarins var stofnun félagsins, samþykki laga þess og kosning stjórnar.

Fundarstjóri var Ásdís Rafnar hæstaréttarlögmaður.

Ingibjörg Bjarnardóttir hdl, var kosin formaður félagsins.

Stjórnarmenn eru:

Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi,

Ingi Jón Hauksson, sálfræðingur, Ingiríður Lúðvíksdóttir, lögfræðingur,

Sigríður B. Guðjónsdóttir, sýslumaður og

Sigprúður Erla Guðjónsdóttir, sálfræðingur.

Skoðunarmenn voru kosnir Gísli Tryggvason hdl. og Helgi Áss Grétarsson lögfræðingur.

Á fundinum var samþykkt að þeir aðilar óska eftir að gerast félagar á næstu mánuðum teljist stofnendur. Hægt er að skrá sig í félagið með því að senda tölvupóst á eftirgreind netföng: log-satt@itn.is ; erla.bjorg.sigurdardottir@reykjavik.is ; ijh@internet.is ; ingiridurl@tmd.is ; sigthrudur.erla.arnardottir@reykjavik.



KB ATVINNULÍF

Sérniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

Pantaðu ráðgjöf á kbbanki.is eða komdu við í næsta útibúi KB banka.

 **KB BANKI**
– kraftur til þín!
www.kbbanki.is

Gleðileg jól – gott og farsælt komandi ár

Sveinn Snorrason hrl.

Faxatúni 1
210 Garðabæ

Klemenz Eggertsson hdl.

Garðatorgi 5
210 Garðabæ

JS ráðgjöf ehf.

Ásbúð 21
210 Garðabæ

Lögmannsstofa Rúnars S. Gíslasonar hdl.

Bæjarhrauni 6
220 Hafnarfirði

Lögmenn Bæjarhrauni 8 sf.

Bæjarhrauni 8
220 Hafnarfirði

Lögmenn Thorsplani sf.

Fjarðargötu 11
220 Hafnarfirði

Lögmannsstofa Þórdísar Bjarnadóttur hdl.

Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði

Lögfræðistofa Hafnarfjarðar

Strandgötu 25
220 Hafnarfirði

Landslög lögfræðistofa

Hafnargötu 31
230 Keflavík

Lögfræðistofa Suðurnesja ehf.

Hafnargötu 51-55
230 Keflavík

Lögmannsstofa Arnar Höskuldssonar

Kjarna, Þverholti
270 Mosfellsbæ

Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar ehf.

Borgarbraut 61
310 Borgarnesi

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf.

Aðalgötu 2
340 Stykkishólmi

Jón Ísberg hrl.

Brekkubyggð 36
540 Blönduósi

Lögmannsstofa Hreins Pálssonar hrl.

Gránufélagsgötu 4
600 Akureyri

Lögmannsstofan Lögmanshlíð

Ráðhústorgi 3
600 Akureyri

Lögfræðistofa Adolfs Guðmundsson hdl.

Langatanga 5
710 Seyðisfirði

Gísli M. Auðbergsson hdl.

Strandgötu 19a
735 Eskifirði

Lögmenn Suðurlandi ehf.

Austurvegi 3
800 Selfossi

Sigurður Sveinsson hdl.

Ástjörn 7
800 Selfossi

Knútur Bruun hrl.

Hverhamri
810 Hveragerði

Lögmannsstofa Vestmannaeyja ehf.

Kirkjuvegi 23
900 Vestmannaeyjum

Réttar upplýsingar -farsælli og öruggari viðskipti!

Lánstraust hf. býður aðgang að fjölbreyttum viðskiptaupplýsingum sem auðvelda ákvarðanir og lágmarka tapsáhættu í viðskiptum.

- Vanskilaskrá
- Greiðsluhegðunarkerfi
- Ársreikningar íslenskra fyrirtækja
- Hlutafélagaskrá
- Áhættumat (LT-skor)
- Vanskilavöktun viðskiptamanna o.fl.

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ SENDUM RÁÐGJAFJA TIL ÞÍN SEM KYNNIR ÞJÓNUSTUNA.

L Á N S T R A U S T H F.

F O R V A R N I R Í F J Á R M Á L U M

Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík • Sími: 550 9600 • LT@LT.is • www.LT.is



MIXA - IFL - 740-50900

Hefur þú tíma til að fylgjast með allri fjölmiðlaumfjöllun?

Við fylgjumst með öllum fréttum í sjónvarpi, útvarpi, dagblöðum og um 80 prentmiðlum.

- Vöktun á umfjöllun samkvæmt þinni skilgreiningu
- Aðgangur að gagnasöfnum fréttanna
- Ýmis sérsniðin þjónusta

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ FINNUM HVAD HENTAR ÞÉR BEST.

F J Ö L M I Ð L A V A K T I N

A U G U & E Y R U A T V I N N U L Í F S I N S

Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík • Sími 550 9660 • fmv@fmv.is • www.fmv.is



MIXA - IFL - 380-50901



FILIP/SIA

Er þín starfsemi tryggð?


Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.



Samkvæmt lögum nr. 77/1998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Tryggðu þína ábyrgð og hringdu í síma **560 5000**.



Þar færðu allar nánari upplýsingar.



Váttryggingafélag Íslands
Ármúla 3 · 108 Reykjavík
Sími 560 5000 · vis.is

